



Ólafur Þór Gunnarsson
þingmaður



Justin Trudeau
forsætisráðherra Kanada



Pawel Bartoszek
borgarfulltrúi

Kannabis með nýja lagastöðu

Kanada hefur bæst í hóp ríkja sem lögleiða neyslu, vörslu og ræktun kannabisefna í affreyingarskyni. Borgarfulltrúi Viðreisnar segir tíma til kominn að taka þetta umdeilda skref en þingmaður Vinstri grænna sér ekki þörfina og varar við áróðri. ➔ 24-25



24

Tvö ríki hafa að fullu lögleitt kannabis í affreyingarskyni.

Íslenskar kannanir hafa ekki bent til stuðnings við lögleiðingu.



Sumir lifa ekki af
Gerður Kristný
yrkir um örlög
konu. ➔ 32



419 sóttu óværu
í svikapósti
Margslungin
tilraun hakkara
til að komast
í netbanka
landsmanna. ➔ 6

X3-LÍNA OPEL ER FULLKOMNUÐ



Bentóna



Jólagestir
Þjórgúns
2018


20. - 22. DESEMBER Í HÖRPU

MIDASALA Á HARPA.IS/JOLAGESTIR

♥ KAFFI
DAGAR

ELKO

Veður



Suðvestan 15-25 m/s, hvassast á NV-landi. Hviður allt að 40 m/s við fjöll. Rigning um mest allt land og slydda eða snjókoma til fjalla norðanlands.

SIÁ SÍÐU 46



Sonja Ýr Þorbergsdóttir. MYND/BSRB

Sonja Ýr kjörin formaður BSRB

FÉLAGSMÁL Sonja Ýr Þorbergsdóttir var í gær kjörin nýr formaður BSRB á lokadegi þings sambandsins. Hlaut hún rúm 86 prósent atkvæða í formannskjörinu en mótframbjóðandi hennar, Vésteinn Valgarðsson, hlaut tæp 14 prósent. Elin Björg Jónsdóttir, fráfarandi formaður, gaf ekki kost á sér til endurkjors.

Í ávarpi sagðist Sonja Ýr hlakka til að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem fram undan væru. Hún sagði að á þinginu hefði verið mótú skýr sýn í stefnu og ályktunum sem verði fylgt kröftuglega eftir.

Þá var Garðar Hilmarsson kjörinn fyrsti varaformaður sambandsins og Arna Jakóbina Björnsdóttir annar varaformaður. – sar

Úrskurður gegn dómáralögum

PÓLLAND Evrópuðómstóllinn í Lúxemborg hefur úrskurðað að pólsk yfirvöld verði að hætta við að lækka eftirlaunaaldur hæstaréttardómara úr 70 árum í 65 ár. Lög þess efnis gengu í gildi í apríl síðastliðnum í Póllandi.

Samkvæmt nýju lögnum hefðu 27 af 72 dómurum neyðst til að fara á eftirlaun. Þeir hefðu þó með samþykki forseta landsins getað fengið leyfi til að starfa þremur árum lengur. Gagnrýnendur bentu á að dómstóllinn yrði ekki óháður þegar stjórnámalmennt gætu haft áhrif á störf hans. – ibs

Norðurslóðir í brennidepli



Gestir á norðurslóðaráræðstefnunni Arctic Circle stungu saman nefjum á göngum Hörpu í gær. Meðal þátttakenda er utanríkisráðherra Japans, Taró Kóno, sem flutti ávarp við opunarathöfnina. Það gerði einnig Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Ráðstefnuna sitja um tvö þúsund manns frá yfir fimmtíu löndum, meðal annars Kína, Rússlandi og Bandaríkjunum. Evrópusambandið á einnig háttsetta fulltrúa í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGVARI

Ekki kraftaverk hjá Prime Tours

ÞJÓNUSTA Fyrirtækið Prime Tours hefur hætt allri akstursþjónustu fatlaðs fólks fyrir Strætó. Ástæðan er gjaldprot fyrirtækisins. Skiptastjóri þrotabúsins tilkynnti þetta í gær.

Prime Tours var tekið til gjaldprotaskipta 3. október. Hjörleifur Harðarson, annar eigenda fyrirtækisins, sagðist í samtali við Fréttablaðið tveimur dögum síðar vonast eftir kraftaverki og að akstri yrði haldið áfram.

Fimmtán undirverktakar Strætó fóru í vinnustöðvun vegna áframhaldandi notkunar á bilum Prime Tours sem starfætti tuttugu bíla.

Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafulltrúi Strætó, sagði í gær að viðskiptavinir þyrftu líklega ekki að hafa áhyggjur af þjónustu um helgina en að gera mætti ráð fyrir skertri þjónustu næsta mánuðag þegar bílar Prime Tours detta út. – gar

Eiturlyfjamarkaðurinn sá stöðugasti á Íslandi

Ytri aðstæður í íslensku efnahagslífi virðast ekki hafa mikil áhrif á verð fíkniefna hér á landi. Hæg en örugg verðlækkun hefur verið á markaðnum síðustu tvo áratugina. Formaður SÁÁ segir mikið jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar.

SAMFÉLAG Verð á helstu fíkniefnum hér á landi hefur verið afar stöðugt það sem af er á þessari öld. Verðið lækkar mjög hægt en örugglega.

Ytri hagsveiflur í íslensku efnahagslífi virðast ekki hafa nokkur áhrif á fíkniefnamarkaðinn hér á landi ef frá er talinn örlitill kippur árið 2008.

Verð á kannabis fór hæst í um 5.000 krónur grammíð í byrjun árs 2009 en hefur hægt og rölega leitað niður á við síðan þá, eða í rúman áratug.

Er svo komið að nú tíu árum eftir hrun er verðið á gramminu komið undir þrjú þúsund krónurnar.

Verð á hassi stendur í stað en bæði framboð og eftirspurn þar hefur nánast hrunið enda sinnir innlend framleiðsla kannabis öllum þeim markaði.

Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ, segir mikið jafnvægi í framboði og eftirspurn.

„Þetta er mjög stöðugur markaður þar sem verðið lækkar hægt og rölega. Markaðurinn á þessum efnum lýtur sömu lögmálum um framboð og eftirspurn og það hefur áhrif á verðið,“ segir Arnþór.


„Það virðist vera þannig að það er alltaf nóg til af efnunum og alltaf einhverjir á hinum endanum sem vilja nota efnin,“ heldur Arnþór áfram. „Það kostar alltaf minna og minna að kaupa þessi efni en það gerði hér áður fyrir, það er bara þannig.“

Sama þróun hefur átt sér stað í verðlagningu amfetamíns og kókaíns. Um aldamótin kostaði grammíð af kókaíni héraendis um 25.000 krónur.

Nú, átján árum síðar, kostar


Amfetamín og kókaín

Uppreiknað miðað við vísitölu neysluverðs í september 2018



Hass og gras

Uppreiknað miðað við vísitölu neysluverðs í september 2018



Heimild: SÁÁ

Það virðist vera þannig að það er alltaf nóg til af efnunum og alltaf einhverjir á hinum endanum sem vilja nota efnin.

Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ



grammíð um fimmtán þúsund krónur og sama þróun á sér stað í amfetamíni sem hefur lækkað um helming á þessu tímabili.

Arnþór segir einnig að SÁÁ sé með verðkannanir á ópióðum og menn séu að nota þau lyf í meiri mæli.

„Einnig liggur það fyrir að fleiri og fleiri þurfa á okkar þjónustu að halda,“ bendir formaður SÁÁ sömu-leiðis á.

sveinn@frettabladid.is

EINSTÖK HELGARFERÐ

Frá kr.
89.995

Róm

1. nóvember í 4 nætur

595 1000

Heimsferðir

ÖLL **HANDKLÆÐI**
OG **BADHERBERGISVÖRUR**

20%

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
ÓPÍÐ ALLAN
SÓLARHRINGINN

ALLAR **TAUKÖRFUR**

20%



ÖLL **BARNA-**
HANDKLÆÐI

20%



ALLAR **HÚFUR OG**
VETTLINGAR

20%



ALLIR
SKRAUTPÚÐAR

30%



ALLIR
HÆGINDASTÓLAR

20-30%



ALLAR
GÆLUDÝRAVÖRUR

25%



ALLIR
FATASKÁPAR

20%



ALLT **NAVIA GARN**

20%



**RÚMFATA
LAGERINN**

HERBERGID • BAÐID • HEIMILID

ALLIR **PLASTKASSAR**

20%



TÖLUR VIKUNNAR 14.10.2018 - 20.10.2018

300

tilkynningar um kynferðisbrot bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2017.



55%

er hækkun raungengis á mælikvarða launa frá 2015.



69%

erlendra ferðamanna á Íslandi heim-sóttu Rangárvallasýslu í fyrra. Áætlað er að fjöldinn hafi verið 1.381 þúsund. Fjöldinn sexfaldaðist á áratug. Prettán-fjöld fjölgun er að vetrarlagi.

8,2%

er hækkun íbúðaverðs á þessu ári gangi spá greiningardeildar Íslandsbanka eftir. Spáð er 5,5 prósentu hækkun á næsta ári og 4,4 prósentu hækkun árið 2020.

20,3%

fólks á aldrinum 25-29 ára bjuggu í foreldrahúsum árið 2016. 24,8 prósent karla og 15,6 prósent kvenna.



Þrjú í fréttum Her, innlimun og forvarnir

Katrín Jakobsdóttir

forsætisráðherra

sagði á Alþingi að henni sjálfri hugnuðust ekki heræfingar og að öllum ætti að vera kunnugt um afstöðu hennar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs til veru Íslands í NATO.



Þorvaldur Gylfason

hagfræðiprófessor

sagði yfirvofandi innlimun FME í Seðlabankann líta út eins og klunnaleg tilraun til að koma allri yfirhyllingu með bönknum fyrir á einum og sama stað.



Oddný G. Harðardóttir

þingmaður

er fyrsti flutningsmaður frumvarps sem skyldar ábyrgðarmenn rannsókna til að tilkynna tilviljanakennda greiningu á alvarlegum sjúkdómi, þar á meðal erfðabreytileika sem felur í sér auknar líkur á alvarlegum sjúkdómi, til Embættis landlæknis. Oddný sagði að tryggja yrði bæði rétt þeirra sem vilja vita og hinna sem ekki vilja vita.



Sagt umfangsmesta mál sinnar tegundar á sviði meðhöndlara

Konurnar sem telja sig hafa orðið fyrir kynferðislegu broti af hálfu manns sem meðhöndlar einstaklinga með stoðkerfisvanda eru nú orðnar sautján. Osteópatafélag Íslands og Sjúkranuddarafélag Íslands segja félagsmenn hafa löngum heyrð sögur af manningum. Lögmaður mannsins segir málið vera mágsefjun.

LÖGREGLUMÁL Osteópatafélag Íslands og Sjúkranuddarafélag Íslands segja félagsmenn í gegnum tíðina hafa heyrð sögur af meðhöndlaranum sem hefur verið kærður nokkrum sinnum á árinu fyrir kynferðisbrot í meðferð.

„Þessi félög finna sig knúin til að tjá sig um málið og verja sína félagsmeðlimi. Meðlimir innan allra félaganna hafa heyrð fjöldann allan af sögum frá skjólstaðingum sínum um óeðlilega starfsætti frá þessum manni. Við höfum fengið til okkar fólk sem hafa leitað álits um það hvort aðferðir sem hann beitir þyki eðlilegar. Við fordæmum svona starfsaðferðir,“ segja félögin tvö.

Félögin segja það alvarlegt að ekkert eftirlit sé með starfsemi utan heilbrigðisgeirans. Leið vanti til að tilkynna aðila sem ekki heyrar undir nein félög. Maðurinn sé ekki meðlimur í ofantöldum félögum. „Að okkar mati er hér um að ræða mjög alvarlegt mál og umfangsmesta sinnar tegundar á sviði meðhöndlara hér á landi. Við höfum samt með þessum konum og vonum að réttlæti náist hjá þeim.“

Egill Þorsteinsson, formaður Kírópraktorafélags Íslands, segir meðlimum félagsins brugðið vegna málsins. „Stétt kírópraktora er slegin yfir þessum fréttum. Maður sá sem kærður er, hefur ekki menntun kírópraktors, er ekki meðlimur í Kírópraktorafélagi Íslands og tengist ekki stétt kírópraktora á nokkurn hátt.“

Maðurinn hefur verið kærður fyrir kynferðisbrot gegn nokkrum konum sem voru í meðferð hjá honum en hann á meðal annars að hafa meðhöndlað þær í gegnum leg-



„Við höfum samúð með þessum konum og vonum að réttlæti náist,“ segja Osteópatafélag Íslands og Sjúkranuddarafélag Íslands. NORDICPHOTOS/GETTY

Til mín hafa nú leitað alls sautján konur.

Sigrún Jóhannsdóttir lögmaður



göng þeirra. Eftir umfjöllun Fréttablaðsins um málið á fimmtudag stígu fram fjórar konur í kjölfarið samdægurs og í gær bættust þrjár í hópinn. Samtals eru konurnar orðnar sautján.

„Til mín hafa nú leitað alls sautján konur. Sjö þeirra hafa nú þegar mætt í skýrslutöku hjá lögreglunni og þrjár hafa beðið þess að gefa skýrslu síðan í apríl. Nokkrar eru að meta stöðu sína,“ segir Sigrún Jóhannsdóttir, lögmaður og

réttargæslumaður kvennanna.

„Frá því að fréttaflytingurinn fór af stað hafa svo sjö konur haft samband við mig til viðbótar og lýst því fyrir mér hvernig umræddur maður mun hafa brotið á þeim. Ég hef fengið nokkrar á fund til mín nú þegar en hinar koma næstu daga,“ bætir Sigrún við.

Steinbergur Finnbogason, lögmaður mannsins, segir fátt annað í stöðunni en að spyrja að leikslukum.

„Umræðan er að þróast og vinda upp á sig í takti við þá mágsefjun sem ég tel að stefnt hafi verið að frá upphafi. Fyrir minn skjólstaðing er fátt annað í stöðunni en að spyrja að leikslukum. Hann kemur af fjöllum en verður að treysta á faglega rannsókn og ef til vill úrskurð dómstóla. Stríðið á Alþingi götunnar er tapað eins og öll önnur í svona málum,“ segir Steinbergur.

gunnthorunn@frettabladid.is

Látinn hætta í World Class eftir tæpa viku

Maðurinn starfaði í stuttan tíma hjá líkamsræktarstöðinni World Class fyrir um fimm árum. Þar átti hann að meðhöndla og hnykkja viðskiptavinum en var fljótlega látinn fara eftir að stöðinni barst kvörtun um kynferðislega áreitni af hálfu mannsins. Þetta staðfestir Björn Leifsson, eigandi World Class.



Björn Leifsson, eigandi World Class.

„Þessi maður kom til okkar og það var ekki vika löðin frá því að hann hóf störf þegar við þurfum að láta hann fara vegna þessa,“ segir Björn. „Hann var því látinn fara strax.“

Konráð Valur Gíslason, einkaþjálfari hjá World Class, segir að þrjár konur hafi sagt sér frá slíkri meðferð hjá manningum.

„Þetta kom upp þegar ung stúlka, um 16-17 ára, var í meðferð hjá honum þegar hann starfaði hjá World Class. Eftir meðferðina sagði hún kærasta sínum frá sem hringdi hingað inn og kvartaði yfir manningum,“ segir Konráð. „Ég vissi af þremur konum í þjálfun hjá mér sem höfðu farið til hans og lent í einhverju misjöfnu.“

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST

ramisland.is



TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM 3500 SLT, LARAMIE EÐA LIMITED.
RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 6.260.000 ÁN VSK.
KR. 7.762.400 MEÐ VSK.

RAM 3500 LIMITED 40" BREYTTUR

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16





7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Kia Optima PHEV

– fyrir spennandi ferðalög

Afborgun á mánuði:

39.777 kr.

1.900.000 kr. innborgun og lán til 84 mánaða.
Vextir 7,75%. Heildarkostnaður láns er
5.249.227 kr. Árleg hlutfallstala
kostnaðar er 9,23%.

*Forsendur ábyrgðar eru tegillegt þómna tei frá sem kaupandi ber kostnað af. Lesu meira um ábyrgðina á www.kia.com/askja

OPTIMA

ECO plug-in



The Power to Surprise

Settu þig í samband við framtíðina

Kia Optima Plug-in Hybrid er sparneytinn 205 hestafla tengiltvinnbíll, hlaðinn aukabúnaði. Kia Optima er einstaklega umhverfismildur bíll sem kemst allt að 54 km á rafhleðslu en er jafnframt með sparneytna bensínvél. Á fullum tanki ásamt hleðslu kemst Optima allt að 976 km. Kia Optima fæst í Sedan og Sportswagon útfærslum.

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia Optima Plug-in Hybrid með einstakri 7 ára ábyrgð.

Kia Optima PHEV EX á tilboðsverði frá:

4.350.777 kr.

Verð áður: ~~4.650.777 kr.~~



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkennur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Söluumboð Kia um allt land:

Bilás Akranesi · Höldur Akureyri · Bilasala Selfoss · K. Steinarrson Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Á fimmta hundrað gætu hafa sýkst

Fréttablaðið rekur slóð og aðferðir hakara sem sendu svikapóst á landsmenn í nafni lögreglunnar. Framkvæmdastjóri Netheima hvetur fólk til að vera á varðbergi gagnvart netveiðum.


NETÓRYGGI Tölvur 419 manns gætu hafa sýkst í umfangsmiklum vefveiðum hakara fyrr í þessum mánuði þegar fjöldi fólks var boðaður í skýrslutöku hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu með svikapósti. Alls opnuðu 956 manns sýkta vefsíðu sem barst með tölvupóstinum. IP-tala tölvuþrjótanna heimsótti fyrst vefsíðu lögreglunnar 30. september síðastliðinn.

Í gögnum sem Fréttablaðið hefur séð kemur bersýnilega fram hversu margbrotin tilraun hakaranna var. IP-tala þeirra, sem hýst er í Amsterdam í Hollandi og er að líkindum varin af VPN-sýndarneti og Proxy-

vefsíðu, heimsótti vefsíðu lögreglunnar fyrst klukkan 20.53 sunnudaginn 30. september. Tæplega viku seinna barst fjöldi fólks svikapóstur um boðun í skýrslutöku. Til að nálgast frekari gögn var vísað á eftirmynd af síðu lögreglunnar þar sem fólk var beðið um að skrá sig inn og hala niður þjappaðri skrá sem innihalda átti gögnin.

Í skránni var að finna spilliforrit sem innihélt kóða úr öðru forriti sem veitir öðrum aðila fjaraðgang að tölvu viðkomandi. Hugbúnaðurinn er yfirleitt kallaður REMCOS (e. remote control and surveillance software). Spilliforritið innihélt einnig kóða sem safnar saman upplýsingum um það sem slegið er inn á lykklaborðið viðkomandi. Þessum upplýsingum er safnað saman og hlaðið upp á netþjóna í Þýskalandi og Hollandi. Ljóst er að atlagan beindist fyrst og fremst að notendum Windows-stýrikerfisins.

Þegar kóði spilliforritsins er skoðaður kemur í ljós að eitt af meginmarkmiðum hakaranna var að komast yfir upplýsingar er varða



Hægt er að rekja slóð netþrjótanna í gegnum IP-tölu sem vistuð er í Hollandi. NORDICPHOTOS/GETTY

419

tölvur gætu hafa sýkst í netveiðunum

956

manns opnuðu slóðina sem var í svikapóstinum

netbanka fólks. Þannig skimar forritið sérstaklega eftir leitarorðunum Íslandsbanki, netbanki, landsbankinn, millifrsla, innskraning, arionbanki, einkabanki.is, pin o.fl. Samkvæmt upplýsingum frá bönkunum þremur hafa ekki borist tilkynningar frá viðskiptavinum um tjón. Landsbankinn hefur gefið út hugbúnað sem kannar hvort tölvu hafi sýkst af öværunni sem hægt er að nálgast á heimsíðu bankans.

Einnig blasir við að hakararnir höfðu aðgang að þjóðskrá þar sem ekki var hægt að slá inn ranga kennitölu á svikavefnum.

Sama dag og IP-tala hakaranna heimsótti vef lögreglunnar fyrst, 30. september, var lénið lögreglan. is stofnað með kennitölu íslenskrar konu, Thelmu Daggar Guðmundsen. Thelma Dögg greindi frá því í samtali við Fréttablaðið 7. október að tölvuþrjótur hefðu tvegis brotist inn á heimasíðu hennar. Þeir breyttu notandanafni hennar í „Skugga sál“ en það er einmitt nafnið á þremur tengingum öværunnar við netþjóna í Þýskalandi og Hollandi; the.shadesoul.online; iam.shadesoul.online og heis.shadesoul.online.

Á þeirri viku sem leið frá fyrstu heimsókn hakaranna á vefsíðu lögreglunnar og þangað til að fyrsta IP-talan opnaði svikapóstin gerðu þrjótarnir ítarlega úttekt á vefsvæðinu. 1. október var vefsíðan skoðuð og útlit hennar og svikasíðunnar samræmt. Næstu daga fóru fram frekari prófanir, bæði í gegnum hollensku IP-tölu og IP-tölu í gegnum íslenskar VPN- og proxyþjónustur.

Athylli vekur að stuttu áður en svikapósturinn var sendur á póstlistann var IP-tala hakaranna notuð til að opna PDF-skjal á vef lögreglunnar. Það skjal ber heitið „Tölvu- og netglæpir 2016“. Þessi skýrsla frá greiningardeild Ríkislögreglustjóra fjallar um helstu ógnir á sviði tölvu- og netglæpa. Í skýrslunni er að finna skilgreiningu á þessari aðferð hakaranna: „Á síðastliðnum

Timalínan frá fyrstu heimsókn hakara á vef lögreglu

Með því að kanna vitjanaskrá (e. access-log) á vefsíðu lögreglunnar má rekja heimsóknir netþrjótanna í gegnum IP-tölu þeirra.

30.09.2018
Kl. 20.53

■ Fyrsta heimsókn IP-tölnnar á vef lögreglunnar, lögreglan.is. Vefsíðan opnuð í gegnum Google-leit. IP-talan er skráð í Amsterdam í Hollandi.

Lénið lögreglan.is er stofnað með kennitölu íslenskrar konu.

01.10.2018
Kl. 05.47

■ Lögreglan.is skoðuð ítarlega og ýmsar greinar opnaðar.

Kl. 06.13

■ Hakkarar gera prófanir með útlit vefsíðunnar. Samræma útlit hinnar raunverulegu vefsíðu og eftirmyndarinnar, lögreglan.is.

Kl. 06.30

■ Hakkararnir gera

prófanir á öðrum slóðum svikapóstsins. <https://logreglan.is/test/saekjagogn.php> og <http://logreglan.is/test/tilbuid.php>.

Kl. 07.50

■ Lokaslóðin sem send var á póstlistann tilbúin: <https://rannsknir.logreglan.is/rannsknir/skyrslutokur/malgogn>

Frá 1. október til 6. október er lokaslóðin í prófunum. Bæði út frá IP-tölu hakaranna og frá íslenskum IP-tölum í gegnum VPN- og proxyþjónustur hér á landi.

06.10.2018

Kl. 05.04

■ IP-talan notuð til að opna PDF-skjal á vef

lögreglunnar. Skjalið, sem ber heitið „Tölvu- og netglæpir 2016“ er opnað eftir leit frá Google.

Svikapósturinn sendur á póstlista sama dag með hjálp forrits á skriftumáli.

Kl. 21.47

■ Fyrsta íslenska IP-talan opnar slóðina sem kom með póstinum.

Kl. 23.02

■ Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu varar við svikapóstum sem eru látnir líkjastráðir boðun í skýrslutöku hjá rannsóknardeild lögreglunnar.

07.10.2018

Rétt eftir miðnætti

■ Síðasta heimsókn IP-tölu hakaranna á vef lögreglunnar.

IP-tala hakaranna

109.202.107.147

■ Hýst í Amsterdam í Hollandi í gegnum netveituna Global Layer.

■ Virðist vera VPN/Proxy sem felur hina raunverulegu IP-tölu.

árum hafa háþróaðar tölvuárásir í mörgum tilvikum byggt á vefveiðum (e. spear phishing) en þær eru ákveðin tegund svika á netinu þar sem einhver reynir að fá notendur til að gefa upp viðkvæmar upplýsingar á borð við aðgangsorð eða kreditkortaupplýsingar. Vefveiðar fara oft fram í gegnum tölvupóst, auglýsingar eða önnur samskipti.

Tæknifyrirtækið Netheimur hýsir vef lögreglunnar. Fyrirtækið var beðið um að kanna umferð um vefinn í aðdraganda svikasendingarinnar. „Við sáum fljótt að þarna var óeðlileg hegðun hjá þessari IP-tölu,“ segir Guðmundur Ingi Hjartarson, framkvæmdastjóri Netheima. „Og af því að þeir voru ekki að hylja slóð sína nógu vel þá var hægt að rekja þessa umferð.“

Netveiðar og öværun er hluti af internetinu og verða það í fyrirsjáanlegri framtíð. Því riður á að

fólk sé ávallt á varðbergi, að mati Guðmundar. Athuga þurfi lén áður en smellið er á hlekk. Þá sé sérstaklega mikilvægt að hugsa sig tvisvar um áður en maður er beðinn um að samþykkja eitthvað eða hala einhverju niður, eins og í tilfalli svikapóstsins. Guðmundur telur að öværan hefði getað náð til miklu fleiri einstaklinga hefði lögregla ekki varað við svikapóstinum. Það hjálpaði til að netþrjótarnir völdu afar slæma tímasetningu fyrir sendingu skilaboðanna. Líklega hefðu málið þróast með öðrum hætti hefðu skilaboðin borist á virkum degi.

„Þeir sem hafa sýkst verða að skipta um lykilorð og uppfæra vélarnar sínar, vera með öryggis- og virusvarmir í lagi,“ segir Guðmundur og vísar til hugbúnaðar á borð við Sophos sem veitir vörn gegn öværunum eins og þeim sem komu með svikapóstinum. kjartanh@frettabladid.is

Kyolic
Aged Garlic Extract
Lecithin Cholesterol

FYLGDU HJARTANU

STYÐUR VIÐ

- EÐLILEG KÓLESTERÓL GILDI
- HEILBRIGT HJARTA- OG ÆÐAKERFI
- ÖNÆMISKERFIÐ

100% LÍFRÆNN, LYKTARLAUS OG FER VEL Í MACA

FÆST Í APÓTEKUM OG HEILSUÖRVERSLUNUM



ALEKSANDRA BABIK

Verið velkomin á opnun sýningar minnar

„LITBRIGÐI ÍSLANDS“

Í UPPSÖLUM / CAFÉ-BAR
Hótel Reykjavík Centrum
Opnun 24. október kl. 17:00
Málverkin eru til sýnis til 31. október 2018

Aðalstræti 16 – 101 Reykjavík
Sími 659-6002 – aleksandra.babik@internet.is



Meira amerískt

Tilboð gilda úr 28. október

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



1.699 kr/kg
Verð áður 1.999.-

NAUTABRINGA

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



4.249 kr/kg
Verð áður 4.999.-

NAUTA T-BONE

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



3.749 kr/kg
Verð áður 4.999.-

NAUTA RIBEYE

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



1.699 kr/kg
Verð áður 1.999.-

NAUTA POT ROAST

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



1.189 kr/kg
Verð áður 1.399.-


NAUTAKINNAR



Hershey's kossar

Fyrir þá sem eiga þá skilið

999 kr/stk



Atlanta cheesecake

Hágæða ostakökur beint frá USA.

verð frá **399** kr/stk



Pringles

Sausage & Crispy Bacon
Prosecco & Pink Peppercorn

299 kr/stk



Taylor Farms

Þegar gera á gott salat!

verð frá **899** kr/stk



Late July

Lífraent korn snakk margar bragðtegundir.

749 kr/pk



Cheez - IT

Þetta eina sanna

949 kr/pk

HAGKAUP Meira svona alla daga

Veidigjöld fækki störfum í Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður segir starfa í hættu verði veidigjöld of íþyngjandi fyrir fyrirtæki í bænum. Deloitte hefur tekið saman stöðu sjávarútvegsfyrirtækja í kjördæminu. Hagnaður þeirra hafi dregist gríðarlega saman á síðasta rekstrarári.

VEIDIGJÖLD Bæjarstjórn Bolungarvíkur lýsir yfir áhyggjum af áhrifum veidigjalda á útgerðir í landsfjórðungnum og telur margar litlar og meðalstórar útgerðir í verulegum vandræðum nú þegar. Áhrif aukinna veidigjalda munu leiða til fækkunar starfa, minni veltu og samdráttar atvinnulífs á svæðinu að hennar mati.

„Á síðasta ári greiddu bolvískar útgerðir yfir 300 milljónir króna í veidigjöld og þrefölduðust þau frá fyrra ári. Þetta hefur sérstaklega slæm áhrif á útgerðir sem ein-

göngu mega stunda krókaveiðar, en rekstrargrundvöllur þeirra er annar en útgerða sem stunda til að mynda togveiðar,“ segir í umsögn Bolungarvíkur um nýtt frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar um veidigjöld.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur óttast að tugir starfa muni tapast í Bolungarvík á næstu misserum og skorar bæjarstjórn á yfirvöld að veidigjöld endurspegli afkomu í greininni og tryggi að gjöld leiði ekki til samþjöppunar. Einnig að horft verði sérstaklega til minni og meðalstórra útgerða.

Afkoma félaga í botnfiskútgerð og vinnslu á Norðurlandi vestra versnar hlutfallslega meira en á landinu öllu. Þetta kemur fram í samantekt Deloitte um sjávarútveg í Norðvesturkjördæmi sem gerð var fyrir sveitarfélögin á svæðinu. Afkoma versnar bæði í útgerð og vinnslu.

„Tekjur í sjávarútvegi í Norðvesturkjördæmi drögust saman um 19 prósent á milli árunna 2016 og 2017. Kostnaður lækkaði jafnframt nokkuð en hlutfallsleg EBITDA lækkan var þó umtalsverð, eða 38 prósent. Samanlögð EBITDA þeirra 40 félaga sem skoðuð voru nam 4,6 milljörðum árið 2017,“ segir í skýrslu Deloitte.

Á því tímabili sem var til skoðunar þróuðust ytri hagstærðir almennt með neikvæðum hætti fyrir sjávarútvegsfélög. Verðlag sjávarafurða hefur lækkað verulega í íslenskum krónum og launavísitala hefur hækkað töluvert.

svainn@frettabladid.is




Samantekt á rekstri sjávarútvegsfélaga í Norðvesturkjördæmi


Unnin af Deloitte fyrir sveitarfélög í kjördæminu.

Hagnaður fyrirtækja í sjávarútvegi dróst saman um 80 prósent milli 2016 og 2017.


/// Hagnaður (ma.kr.)



/// Heildartekjur (ma.kr.)



/// EBITDA (ma.kr.)



19%

Samdráttur varð í tekjum í sjávarútvegi í Norðvesturkjördæmi milli árunna 2016 og 2017.

Kynningarfundur Startup Tourism

23. OKT / KL 12-13
ÍSLENSKA FERÐAKLASANUM
FISKISLÓÐ 10 / RVK

Startup Tourism er tíu vikna viðskiptahraðall þar sem allt að tíu sprotafyrirtæki fá tækifæri til að þróa viðskiptahugmyndir sínar undir leiðsögn frumkvöðla, fjárfesta og sérfræðinga þeim að kostnaðarlausu.

Við leitum að verkefnum sem stuðla að dreifingu ferðamanna um landið og nýjum lausnum sem styðja innviði ferðaþjónustunnar.

Opið er fyrir umsóknir á startuptourism.is. Hraðallinn hefst 14. janúar 2019 og fer fram í Reykjavík.

Viðburðinum verður streymt beint á Facebooksíðu Startup Tourism.

ICELANDIC
STARTUPS

WISAPLANE

Íslandsbanki

ISAVIA

BLUE LAGOON
ICELAND

ÍSLENSKA
FERÐAKLASINN
National Tourism Office



STARTUP
TOURISM

VETRARFJÖR BRIMBORGAR! OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

GILDIR TIL
31. OKTÓBER!

Komdu í Vetrarfjör Brimborgar í dag.
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
– við eigum rétta bílinn fyrir þig!

ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

ALLT Á EINUM STAÐ



FORD KUGA TITANIUM AWD

2,0 TDCi dísil, 150 hö, sjálfskiptur

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga liggja í mikilli veghæð og einstakri dráttargetu. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki.

Verð með aukabúnaði: 5.400.000 kr.

Tilboðsverð: 4.990.000 kr.

- 410.000 kr.
+ VETRARDEKK



CITROËN C4 CACTUS FEEL

1,2 bensín, 110 hö, beinskíptur

Citroën þægindi, meira pláss, meiri möguleikar.

Verð: 2.890.000 kr.

Tilboðsverð: 2.590.000 kr.

- 300.000 kr.
+ VETRARDEKK



MAZDA2 NISEKO

1,5 bensín, 90 hö, sjálfskiptur

Einstök hönnun og akstursupplifun, vel búinn bíll.

Verð með málmlit: 2.650.000 kr.

Tilboðsverð: 2.400.000 kr.

- 250.000 kr.
+ VETRARDEKK



VOLVO V40CC

D2 Momentum, 120 hö, sjálfskiptur

Volvo V40 Cross Country er hannaður fyrir ævintýralegt líf í borg og bæ. Með notendavænni tækni og nútímalegri hönnun er valið augljóst.

Verð með aukabúnaði: 4.779.000 kr.

Tilboðsverð: 4.190.000 kr.

- 589.000 kr.
+ VETRARDEKK



PEUGEOT 308 ACTIVE STW

1,6 dísil, 120 hö, sjálfskiptur

Falleg hönnun og framúrskarandi gæði. Sérlega stórt farangursrymi.

Verð með málmlit: 3.640.000 kr.

Tilboðsverð: 3.190.000 kr.

- 450.000 kr.
+ VETRARDEKK



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

brimborg.is

– Komdu í reynsluakstur í dag!



Stofnað 1988

Eiríkur Svanur Sigfússon
lökk, fasteignasali.
Fjarðargötu 17, Hafnarfirði
Opíð virka daga kl. 9-17
Sími: 520 2600
Netfang: as@as.is
Heimasíða: www.as.is



Eiríkur Svanur
Sigfússon
lökk, fasteignasali.
s: 862-3377

Gamla Pósthúsið

Góður veitingastaður á einum besta staði í Vogum á Vatnsleysuströnd.



Eignin er alls 120,4 fm að stærð sem skiptist í anddyri, tvær snyrtingar, veitingasal fyrir allt að 30 manns, móttöku/bar, geymslu/þvottahús og eldhús, að auki er eitt herbergi í langtímaleigu sem kemur sér vel fyrir reksturinn. Sérlega notalegur veitingastaður og hefur fengið góðar og jákvæðar umsagnir á Trip advisor. Sutt er í Hótel Voga og hafa gestir þaðan notið þess að geta farið á þennan veitingastað svo og íbúar Vogunum. Einnig hafa gestir í vaxandi mæli verið að koma á staðinn frá höfuðborgarsvæðinu. Húsið er almennt í góðu viðhaldi, bæði að utan og innan. Möguleiki er að stækka húsnæðið. Góð aðkoma og malbikað bílplan. Öll tæki og tól fylgja með, nýbúið er að endurnýja ofninn í eldhúsinu. Reksturinn hefur gengið vel frá upphafi og fer stöðugt vaxandi ár frá ári. Þetta er tilvalin rekstur fyrir fjölskyldu sem vill vinna á staðnum. Ath það er verið að selja reksturinn og húsnæðið. Einnig má skoða möguleikann á að kaupa/þirtaka rekstur og leigja húsnæðið. Óskað er eftir tilboði í eignina.

Allar nánari upplýsingar veitir Eiríkur Svanur Sigfússon löggiltur fasteignasali í síma 862-3377 / eirikur@as.is

Við erum í snjallsímum á m.as.is og á facebook.com/asfasteignasala



Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
húsafríðunarsjóði
fyrir árið 2019

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafríðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, og öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsóknna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislubýggingararfleifarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2018. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsendu umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Gagnasafni) og á Húsverndarstofu í Borgarsögusafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.



Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300

www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

Þú finnur draumastarfið á
Job.is



Þórunn Sveinbjarnardóttir hefur verið formaður BHM síðan 2015 en félagsmenn eru um 13 þúsund. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Forsendur fyrir góðum samningum til staðar

BHM fagnar 60 ára afmæli næstkomandi þriðjudag og segir Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður tilganginn enn þann sama og við stofnunina. Hún segir tíma til kominn að gera nauðsynlegar umbætur á íslenskum vinnumarkaði.

FÉLAGSMÁL Það voru ellefu félög háskólamenntaðra á Íslandi sem stofnuðu Bandalag háskólanna þann 23. október 1958 og voru félagsmenn í upphafi um tólf hundruð talsins. „Tilgangurinn í upphafi var í raun sá sami og hann er í dag. Það er að vera málsvari fyrir stéttir háskólamenntaðra á Íslandi og sinna kjarabaráttu þeirra. BHM þurfti að hafa fyrir því að fá viðurkenningu frá yfirvöldum og það var ekki fyrr en 1973 sem ríkið viðurkendið bandalagið sem samningsaðila,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM.

Þórunn segir að það hafi lengi verið einkenni félaga innan BHM að flestir félagsmenn voru starfsmenn hjá ríkinu eða sveitarfélögum. „Það er að breytast mjög hratt. Það er ennþá þannig að meirihluti allra félagsmanna starfar hjá hinu opinbera. Í nokkrum aðildarfélögum vex hluti þeirra sem eru á almenna markaðnum mjög hratt. Þannig erum við að sinna öllum hluta vinnumarkaðarins.“

Mikilvægir kjarasamningar

Kjarasamningar á almennu vinnumarkaði losna um áramót og samningar hjá hinu opinbera í lok mars á næsta ári. Þórunn segir aðildarfélög BHM farin að undirbúa kröfugerðir í tengslum við samninga við hið opinbera.

Þórunn segist aðspurð ekki vera viss um að mikil átök séu fram undan á vinnumarkaði. „Ég ætla hins vegar ekki að útlöka það en ég tel okkur hafa í höndunum tækifæri til að ná mikilvægum kjarasamningum á næsta ári. Stjórnvöld hafa það í hendi sér að leggja á borðið það sem skiptir máli hvað varðar stuðning við fjölskyldu, umbætur á vinnumarkaði og kannski breytingar á skatt- og bótakerfinu. Ef víðsejndur okkar hjá hinu opinbera sinna því hlutverki sínu að treysta félagslegu stöðin í samfélaginu þá ættu að vera forsendur fyrir góðum kjarasamningum. Þá meina ég samninga sem eru til gagnsöta fyrir launafólk og launagreiðendur.“

Það sé sameiginleg ábyrgð aðila að ná samningum. „Ég vil ekkert gefa mér að það gangi illa. Mér finnst kannski talað of mikið á þeim notum. Menn eru kannski bara að gira sig upp í það af gömlum vana en ég held við ættum að gira okkur upp í það að gera góða samninga.“

Jafnlaunavottun leysir ekki allan vandann

Konur ganga út af vinnustöðum sínum á miðvikudaginn fimm mínútum fyrir þrjú til að krefjast jafna kjara.

„Þótt við þökumst í rétta átt er enn allt of mikill kynbundinn launamunur á Íslandi. Þetta segir sína sögu af mjög kynskiptum vinnumarkaði. Í því samhengi er mjög mikilvægt að hafa í huga að fyrirhuguð jafnlaunavottun mun ekki sem slík eyða þessum mun. Hún mun skapa ákveðið jafnræði inni á vinnustöðum en ekki rétta af skekkju á milli geira á vinnumarkaði. Til þess þarf að gripa til annarra aðgerða.“

Úrbætur á vinnumarkaði brýnar

Það er mikið undir og við höfum sett fram mjög skýrt þá kröfu að aðstæður á vinnumarkaði verði endurskoðaðar. Þar eru undir þættir eins og stytting vinnuvikunnar og fleira sem stuðlar að heilbrigðara vinnuumhverfi og fjölskylduvænna samfélagi. Mér heyrst nú að mörg stéttarfélög og heildarsamtök ræði hlutina á þessum notum. Kannski er núna lag til að samræma aðgerðir í þessu máli. Hreyfing launafólks hefur auðvitað mjög mikinn slagkraft ef hún stendur saman að svona úrbótum.“

Þórunn bendir á að það sé orðið mjög brýnt að huga að nauðsynlegum og tímabærum úrbótum á vinnumarkaði. „Það er orðið mjög langt síðan það hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á íslenskum vinnumarkaði. Öll umgjörð vinnumarkaðarins byggir á gamalli löggjöf, til dæmis 40 stunda vinnuvikan. Löggjöf um opinbera starfsmenn er frá 1996. Það er ekki þar með sagt að löggjöfin sé slæm en það eru að verða hraðar breytingar á umhverfi okkar.“

Þar er Þórunn að vísa til tækni-framfara og fjórðu iðnbýlingarinnar. „Þessar breytingar hafa haft gríðarleg áhrif á líf okkar allra síðustu vinnunni eru að breytast og einhver störf munu hverfa en að sama skapi munu verða til ný störf sem ekki eru til í dag. Við í BHM höfum mikinn

Það er orðið mjög langt síðan það hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á íslenskum vinnumarkaði. Öll umgjörð vinnumarkaðarins byggir á gamalli löggjöf.

Þórunn Sveinbjarnardóttir

á huga á að fjalla um þessi mál opinberlega og efna til umræðu því við getum ekki litið á þetta sem ögn. Við þurfum að líta á tæknina sem tækifæri.“

Menntun verði metin til launa

Hluti félagsmanna BHM fór í verkfallsaðgerðir fyrir um þremur árum. „Þær aðgerðir áttu sér langan aðdraganda. Það tóku auðvitað allir á sig byrðar eftir hrun en þegar landið tók að rísa fóru stéttarfélög að huga að því að ná einhverju til baka. Þótt það væri almenn sátt um það að standa vörð um þau sem væru með lægstu tekjurnar þá var ljóst að einhver þurfti að borga fyrir það. Nú er mikið rætt um þessa tvo enda á skalanum. Þau sem eru að framfleyta sér á mjög lágu launum og svo þá sem eru á toppnum og lifa kannski bara af fjármagnstekjum. Þarna á milli er allur þorri almennings. Það er okkar fólk að stórum hluta.“

Alveg frá því í verkfallinu 2015 hafi BHM reynt að leiða víðsejndum sínum það fyrir sjónir að það verði að borga sig að sækja sér háskólamenntun. „Við vitum að það borgar sig fyrir samfélagið og auðvitað fyrir einstaklinginn en það er einfaldlega mikill kostnaður sem fylgir því að afla sér háskólamenntunar. Við höfum þess vegna kallað mjög skýrt eftir því að menntun verði metin til launa og gerum það enn.“

Það liggja ljóst fyrir og tölur sýni að ávinningur af því að afla sér háskólamenntunar á Íslandi sé ekki nógu mikill. „Þeir sem til dæmis taka námslán þurfa að eyða sem svarar einum mánuði af raðstöfunartekjum í alborganir af þeim á hverju ári. Það var ekkert gert fyrir þennan hóp í leiðréttingaraðgerðum eftir hrun. Við bendum stjórnvöldum á að það megi koma til móts við okkar fólk, til dæmis í gegnum skattkerfið.“

sigthatur@frettabladid.is

Škodaðu verðið



ŠKODA

Škoda Octavia Limo Ambition / 1.6 TDI / Disil / Sjálfskiptur

Besta Škodaverðið 3.750.000 kr.

Listaverð: 4.090.000 kr.

Afsláttur

340.000 kr.



Škoda Superb Combi Ambition / 2.0 TDI / Disil / Sjálfskiptur

Besta Škodaverðið 4.750.000 kr.

Listaverð: 5.230.000 kr.

Afsláttur

480.000 kr.



Öflugur, spartneytinn og vel útbúinn ŠKODA.

Gríptu tækifærið og fáðu þér nýjan ŠKODA á besta verðinu strax í dag.
Hlökkum til að sjá þig!



5 ára ábyrgð fyrir fólksskiðum HEKLU að uppfylltum ákveðnum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

www.skoda.is

Tugir fórust í lestarslysi

INDLAND Að minnsta kosti 50 fórust og 200 slósuðust þegar lest skall á hópi fólks nærri Amritsar í indverska ríkinu Punjab. BBC greindi frá þessu og hafði eftir lögreglu og sjónarvottum á svæðinu. Fórnarlömbin stóðu nærri lestarteinunum og voru að fylgjast með fagnadarlátum vegna dusshera, hátíðar í hindúasið. Þar sáu fórnarlömb líkneski djöflakonungsins Ravana brenna. Líkneskið var fullt af litlum flugeldum og heyrðu viðstaddir því ekki í lestinni nálgast.

Samkvæmt BBC höfðu skipuleggjendur hátíðarhaldanna beint þeim tilmælum til viðstaddra að bakka örlitið frá líkneskinu, í átt að lestarteinunum, faeinum andartökum áður en slysið varð.

50

hið minnsta fórust í slysinu og 200 særðust.

Amarinder Singh, æðsti ráðherra Punjab-ríkis, sagði að slysið væri gríðarlegur harmleikur. Yfirvöld á svæðinu gerðu nú allt sem þau getu til þess að aðstoða þá sem slósuðust. „Ég hef beint þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að gera allt sem í hennar valdi stendur til að tryggja að hinir slósuðu fái bestu meðferð sem kostur er á.“ – þea

Slá heræfingum sínum á frest

Bandaríkin og Suður-Kórea hætta við heræfingar. Ástæðan er viðræðurnar við Norður-Kóreu en einræðisríkið hefur itrekað lýst yfir andúð sinni á æfingunum. Ekki í fyrsta sinn á árinu sem heræfingu er aflýst.

SUÐUR-KÓREA Bandaríkin og Suður-Kórea hafa aflýst stærðarinnar heræfingu sem átti að fara fram á Kóreuskaga síðar á árinu. Frá þessu greindi Dana W. White, upplýsingafulltrúi bandaríska varnarmálaráðuneytisins í gær. Ástæðan fyrir aflýsingunni er þær viðræður sem ríkin eiga nú í við einræðisríkið Norður-Kóreu er miða meðal annars að því að fá Norður-Kóreu til þess að losa sig við kjarnorkuvopn sín.

Um árlega sameiginlega heræfingu er að ræða sem gengur undir nafninu Vigilant Ace. White sagði ákvörðunina mikilvæga svo að „sem bestu möguleikar væru á að árangur næðist af viðræðuferlinu“. Líklega mun aflýsingin kæta Kim Jong-un einræðisherra en stjórn hans hefur itrekað lýst yfir vanþóknun sinni á slíkum æfingum.

White sagði að varnarmálaráðherrar ríkjanna tveggja, Bandaríkjamadurinn James Mattis og hinn suðurkóreski Song Young-moo, væru þó staðráðnir í því að sjá til þess að hersveitir ríkjanna væru til alls reiðubúnar. „Þeir hétu því að halda nánu sambandi og samstarfi og að leggja mat á hvenær yrði ráðist í frekari heræfingar,“ sagði White og bætti því við að Mattis hefði rætt við Takeshi Iwaya, varnarmálaráðherra Japans, um ákvörðunina og að þeir hefðu tjáð hvor öðrum skuldbindingu sína til þess að tryggja öryggi þessa heimshluta.



Fokdýrar herpotur sveima yfir Kóreuskaga í Vigilant Ace heræfingunni sem haldin var á síðasta ári. NORDICPHOTOS/APP

Þetta er ekki í fyrsta skipti á árinu sem heræfingum er aflýst vegna viðræðna við Norður-Kóreu. Í júní hættu Bandaríkin við hina svokölluðu Freedom Guardian æfingu eftir að Donald Trump Bandaríkjaforseti tjáði sig um vanþóknun sína á heræfingum í Suður-Kóreu. Hann sagði æfingarnar bæði ógrandi og fokdýrar, en ummælin féllu eftir leiðtogafund hans með Kim í Singapúr.

Norður-Kórea hefur áratugum saman mótmælt stórum heræfingum Suður-Kóreu og Bandaríkjanna á skaganum og hafa einræðisherrar ríkisins sagt að þessir erkifjendur séu að búa sig undir innrás. Bandaríkin hafa þó alla tíð haldið því fram að æfingarnar séu haldnar í varnarskyni. Séu nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi Suður-Kóreu í ljósi ógnarinnar sem stafar af Norður-Kóreu.

Einræðisríkið reðst inn í Suður-Kóreu og var sú innrás upphaf Suður-Kóreu til aðstoðar og þótt fríður hafi komist á að lokum var formlegur friðarsáttmáli aldrei undirritaður. Undirritun slíks sáttmála er á meðal þess sem leiðtogar ríkjanna þriggja hafa rætt um í viðræðum sín á milli á þessu ári. thorgnyr@rettabladid.is



ÁTT ÞÚ ORLOFSHÚS SEM ÞÚ VILT LEIGJA?

Orlofssjóður BHM (OBHM) óskar eftir að taka á leigu sumarhús eða íbúðir um land allt og annars staðar í Evrópu til að framleigja til sjóðfélaga sumarið 2019. Húsnæðið þarf að vera í mjög góðu ástandi, fullbúið húsgögnum og öðrum viðeigandi húsbúnaði. Þar þarf jafnframt að vera pláss fyrir a.m.k. 6 til 8 manns í gistingu.

Áhugasamir húseigendur sendi tölvupóst með myndum af eigninni á obhm@bhm.is

Gott væri að fram kæmu upplýsingar um staðsetningu, byggingarár, ástand, stærð, fjölda svefnplássu og hugmyndir um leiguverð.

BHM ÁRA



Facebook hefur ráðið Bretann Nick Clegg. NORDICPHOTOS/APP

Ráða fyrrverandi varaforsætisráðherra

TÆKNI Samfélagsmiðlarisinn Facebook tilkynnti í gær um að Nick Clegg, fyrrverandi varaforsætisráðherra Bretlands og formaður Frjálslyndra demókrata, hefði verið ráðinn yfirmadur heimsála- og samskiptateymis fyrirtækisins. Líklega mun Clegg hafa nóg á sinni könnu, enda hafa hneykslismál sem tengjast meðferð persónulegra upplýsinga, falsfréttum og afskiptum af kosningum gert stjórnendum Facebook lífið leitt að undanförmu.

Clegg var varaforsætisráðherra í samsteypustjórn Frjálslyndra demókrata og Íhaldsflokksins frá 2010 til 2015 undir forsæti Davids Cameron. Hann sagði af sér formennsku í floknum eftir kosningar 2015 þegar flokkur hans tapaði 49 þingsætum og fékk einungis átta.

Að því er kom fram í umfjöllun Reuters um ráðninguna í gær er Clegg háttsettasti evrópski stjórnmálamaðurinn til þess að taka nokkurn tímann við forstuhlutverki í tæknifyrirtæki í hinum svokallaða Kísildal í Kaliforníu.

Facebook sagði að forstjórinn Mark Zuckerberg og framkvæmdastjórinn Sheryl Sandberg hefðu

Á starfsævi minni í störfum fyrir almenning hef ég aldrei skorast undan erfiðum og umdeildum verkefnum.

Nick Clegg, fyrrverandi varaforsætisráðherra Bretlands

bæði verið viðriðin ráðningarferlið. Viðræður við Clegg hefðu hafist í maí.

„Fyrirtæki okkar er á mikilvægri vegferð. Askoranirnar sem við stöndum frammi fyrir eru alvarlegar og augljósar. Nú sem aldrei fyrr þurfum við á nýjum sjónarmiðum að halda,“ sagði í tilkynningunni.

Clegg sagði í yfirlýsingu á Facebook, skiljanlega, að hann vonaðist til þess að reynsla hans kæmi að góðum notum í þessu nýja hlutverki. „Á starfsævi minni í störfum fyrir almenning hef ég aldrei skorast undan erfiðum og umdeildum verkefnum og því hlutverki að miðla upplýsingum um gang mála til almennings,“ sagði Clegg. – þea

Kattakynning Garðheima og Kynjakatta

FRÁ 13:00 TIL 16:00
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

KOMIÐ OG KYNNIST FJÖLDA SKEMMTILEGRA KATTATEGUNDA
OG SPJALLIÐ VIÐ EIGENDUR ÞEIRRA.

DÝRALÆKNAR FÓÐURKYNNINGAR
LUKKUPOTTAR OFL.

20-30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GÆLUDÝRAVÖRUM

ROYAL CANIN

Brit
PREMIUM

Hills

LEONARDO

20%
afsláttur

af öllum
pottaplöntum



NÝ SENDING AF LUKTUM, KÖRFUM OG BLÓMAPOTTUM



30%
afsláttur

af öllum
haustlaukum

OPÍÐ TIL 21:00
ÖLL KVÖLD



GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is





Tryggðu þínu fyrirtæki stað í sögunni

Reitir bjóða til leigu húsnæði sem verður klæðskerasniðið að nýrri starfsemi og í takt við nútímakröfur. Húsin eru samtals um 2.300 fm að stærð og í boði eru fjölbreytt skrifstofurými, verslunar- og/eða veitingarými. Mögulegt er að leigja stök rými eða bæði húsin og nýta þau sem eina heild, en opið er á milli húsanna á öllum hæðum.

Pósthússtræti 3 og 5 eru sögufræg hús, „Steinnin“ eða „Grjótíð“ var hlaðið 1882 og hýsti fyrst barnaskóla en síðar lögreglustöð með fangageymslum í kjallara þar sem fólk var sett í steininn eða í grjótið. Pósthúsið var byggt 1914 og er þriðja pósthúsið sem stendur við Pósthússtræti.

Nánari upplýsingar á reitir.is/posthusstraeti



REITIR

Velkomin til starfa

FRÉTTABLAÐIÐ **SKOÐUN****Déjà vu**Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Svo virðist sem vetur sé að skella á bæði í efnahags- og veðurfarslegu tilliti.

Fyrir okkur sem upplifað höfum tímana tvenna í þjóðarþúskapnum er stefið kunnugt. Krónan veikist skarpt. Laun þeirra sem verst eru settir hafa setið eftir á þensluskeiðinu. Verka-lyðsfulltrúar vakna fyrst til lífsins nú, og krefjast launa-hækkana umfram það sem atvinnulífið getur borið.

Heildsalar og birgjar tilkynna um verðhækkningar til smásala. Verðbólgan vaknar. Seðlabankinn grípur inn í gjaldeyrismarkaðinn til að koma í veg fyrir frekara fall krónunnar. Þeir sem geta færa sparnað sinn í öruggt skjól. Lífskjör fjölskyldna sem hafa getað tamið sér reglulegar utanlandsferðir og uppgrip í erlendum verslunum versna.

Hagkerfið er að lenda eftir uppsveiflu síðustu ára.

Á sama tíma kvarta neytendur undan háu verðlagi, og lærdir prófessorar saka alþjóðlegar stórverslana-keðjur um að niðast sérstaklega á Íslandi. Grátkór útlutningsgreinanna, einkum sjávarútvegs, þagnar skyndilega, enda gösentíð fram undan með veikri krónu og ódýru vinnuafli. Nú þarf að fiska og fylla kisturnar áður en dansinn hefst á ný. Ferðamannageirinn hugsar á sömu nótum. Nú fer Ísland aftur að verða samkeppnishæfur áfangastaður eftir smávægilegt hikst.

Uppsveiflan, sem nú virðist nýlökkið, var auðvitað drifin áfram af sömu kröftum. Hún var hin hlið krónunnar, afsakið líkingamálið. Ísland varð ferðamannaland á einni nóttu. Hér var tiltölulega ódýrt vinnuafli, ódýrt að ferðast og ekki sérstaklega dýrt að vera. Frumkvóðlar í ferðaiðnaði böðuðu sig í erlendum gjaldeyri.

Ferðamannaflaumurinn, ásamt öðrum kröftum, hafði hins vegar þau áhrif að krónan styrktist skyndilega. Allt í einu var Ísland orðið með dýrari áfangastöðum. Gamaníð tók að kárna og skyndilega rann upp fyrir mörgum að þeir hefðu látið kappið bera skynsemina ofurlíði.

Sem fyrr, þegar rætt er um íslensk efnahagsmál, er hins vegar risastór uppvakningur staddur í herberginu miðju. Íslenska krónan.

Ef Íslendingar byggju við annan og stöðugri gjaldmiðil þá væri hér engin verðtrygging. Vöxtur í ferðamannaíðnaði hefði getað verið stöðugur og sjálfbær. Útvegsmenn og -konur þyrftu ekki að búa við eilífur sveiflur. Laun hefðu hreyft nokkurn veginn í takt við verðlag, eða að minnsta kosti þannig að hægt væri að gera höflegri kröfur í kjarabaráttunni. Og stöð en ekki sist þá myndi H&M kosta nokkurn veginn það sama og í öðrum löndum.

Krónuálag á neytendavarnir væri óþarft.

Ef fólk vill raunverulega kjarabót til langs tíma og stöðugt efnahagsástand ætti kröfugerðin að snúast um að hér verði tekin upp alvöru gjaldmiðill. Þeir sem hæst hafa virðast hins vegar ekki hafa getu, eða vilja, til að lita upp úr hversdagsþrasinu og horfa á stóru myndina.

Þangað til slík hreyfing skapast hér á landi munum við áfram búa við sveifluhagkerfi krónunnar. Upp og niður endalaust. Ár og dagar líða.



Gamaníð tók að kárna og skyndilega rann upp fyrir mörgum að þeir hefði látið kappið bera skynsemina ofurlíði.

Er rétt að veita Evrópusambandinu aukíð vald í orkumálum?

Opinn fundur í stofu HT-102 á Háskólatorgi, mánuð. 22. október 2018 kl. 17.15

Boaðað hefur verið að innan tíðar verði lagt fyrir Alþingi að stofnanir Evrópusambandsins fái aukíð vald í orkumálum á Íslandi.

- Hvaða vald fær orkustofa Evrópusambandsins og landsreglarinn og hvernig munu þessir aðilar beita því?
- Hver er stefna Evrópusambandsins í orkumálum og er skynsamlegt að Íslendingar gangist undir hana?
- Munu íslensk stjórnvöld missa vald til að ákveða hvort sæstrengrur verður lagður eða ekki?
- Er best fyrir Íslendinga að afþakka orkulöggjöfina? Hvernig mun Evrópusambandið bregðast við höfnun?

Frummælendur:

Peter T. Örebeck, lagaprófessor
Vigdís Hauksdóttir, lögfræðingur
Bjarni Jónsson, rafmagnsverkfræðingur

Að loknum erindum frummælenda verða almennar umræður.
Fundarstjóri verður Haraldur Ólafsson

Ísafold, Herjan og Heimssýn**Gunnar****Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir****Launaleynd og þyngdarlögmálið**

Ég er hálf tíma að „pósta“ einni „selfi“, það er nákvæmnisvinna að tryggja sjónarhorn sem hylur í senn hrukkur, undirhöku og augnpoka, ná mynd sem hæfir sjálfsmynd minni sem festist einhvers staðar í kringum tuttugu og fimm ára aldurinn. Þegar ég set myndir af börnunum á Facebook gæti ég þess að ekki sjást í bakgrunninum glitta í óhreint tautið sem flæðir upp úr þvottakörfunni eins og seigljótandi kvika sem færir lif mitt í kaf. Þegar ég birti myndir á Instagram af mat á veitingahúsi sem á meira skylt við skúlptúr en næringu læt ég ekki fylgja skjáskot af kreditkortayfirlitinu sem sýnir að kostnaðurinn við máltíðina endaði á yfirdrættinum. Hvers vegna ekki? Eins forpokað og það hljómar vil ég að mynd min sé sú að ég sé með allt á hreinu. Ég vil að fólk – pabbi minn og mamma, bræður og mágkonur, vinir og óvinir... sérstaklega óvinir – haldi að ég sé með 'etta.

Þegar ég frétti af vefsíðunni Tekjur.is þar sem hægt er að fletta upp tekjum og skattaupplýsingum Íslendinga voru fyrstu viðbrögð mín: „Fokk nei!“ Vissi þetta lið ekki hvað ég hafði lagt mikla vinnu í að byggja upp fegraða mynd minna? Nú gæti hver sem er flett því upp hvað ég er í raun mikill „lúser“. Ég var við það að ganga til liðs við hina réttlætisridarara sem riðu hnarreistir milli stofnana með kveinstafi og lögbannskröfur þegar rifjaðist upp fyrir mér saga.

Vopnuð upplýsingunum

Fyrir þrjátíu árum flakkaði kona mér nákominn einnig milli stofnana. Hún var hins vegar með blað og blýant. Hana grunaði að laun hennar væru töluvert lægri en laun karlanna sem gegndu sambærilegum stöðum innan fyrirtækis sem hún starfði hjá. Hún fékk grun sinn staðfestan er hún heimsótti skrifstofu og skrifaði niður útsvar samstarfsmanna. Þegar hún mætti í launa-viðtal vopnuð upplýsingunum sagði starfsmannastjóri fyrirtækisins eitthvað á þá leið að ef hún fengi launa-hækkun kæmu „þær“ allar á eftir. Konan lét sig þó ekki og fékk loks launahækkun. Mótbáru starfsmanna-stjórans hafa setið í henni í þrjátíu ár.

Fyrir rétt rúmu ári var þreska ríkisútvarpið, BBC, skyldað til að birta lista yfir launahæstu starfsmenn stofnunarinnar. BBC hafði lengi verið gagnrýnt fyrir að greiða helstu sjónvarps- og útvarpsstjórnum sínum allt of há laun. Með ráðstöfuninni átti að stemma stígu við meintu brúðin en ráðamenn töldu að gegnsæi leiddi til þess að stofnunin yrði að halda sig á mottunni.

Bretar fengu ástæðu til að hneykslast þegar listinn var birtur. Uppþötið snérist þó um annað en ofurlaun stórstjarnanna.

Í ljós kom að kynbundinn launamunur innan stofnunarinnar var meiri en nokkurn háði óráð fyrir. Listinn varð BBC-konum vopn í baráttunni fyrir auknum jöfnuði.

Ófyrirséðar hörmungar

Andstæðingar Tekjur.is tala eins og upptækíð sé brot á einhvers konar náttúrulegum líni; að það að fíkta í meintri friðhelgi einkalífins með þessum hætti sé ónáttúra sem geti leitt til ófyrirséðra hörmunga – svona eins og sterkeindahraðall CERN í Sviss; Svarthol myndast, siðmenningin sogast inn í það og við blasa endalok veraldar.

Að smíða samfélag er eins og að byggja hús. Við ráðum hvernig húsið litur út. Einhver kann að segja: „Já, en við þurfum að fara að leikreglum.“ Satt er það. Leikreglum náttúrunnar komumst við ekki hjá að fylgja; þyngdarlögmálinu, lögmáli varmafræðisinnar. En leikreglum gerðum af manna höndum má breyta eftir þörfum. Þótt hlutirnir séu á einn veg þýðir það ekki að þeir geti ekki verið öðruvísi.

Dæmin sýna að kynbundinn launamunur þrífst á leynd. Ójöfnuður hvers konar þrífst á leynd. Samfélag okkar er hús sem er stöðugt í smíðum. Kannski er kominn tími til fleiri opin rými. Og kannski mættum við koma oftar til dyrranna eins og við erum klædd, bera hrukkurnar og leyfa fólk að flissa yfir ástandinu á óhreinna taunu. Því það er svo gott að vera minntur á að ekkert okkar er í raun með 'etta.

LAND ROVER

KYNNTU ÞÉR 70 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ LAND ROVER Í DAG



ABOVE & BEYOND

landrover.is



DISCOVERY SPORT SE

DISCOVERY SPORT SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ FRÁ: 7.390.000 kr.

MEÐ VEGLEGUM 600.000 KR. AFMÆLISPAKKA

RANGE ROVER EVOQUE SE

RANGE ROVER EVOQUE SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ FRÁ: 7.690.000 kr.

MEÐ VEGLEGUM 500.000 KR. AFMÆLISPAKKA

LAND ROVER
70
YEARS

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT**

Hamilton skildi keppendurna um titilinn eftir í reyknunum

Breski ökuþórin Lewis Hamilton gæti unnið fimmta heimsmeistaratitil ökuþóra um helgina þegar keppin fer fram í Austin, Texas. Aðeins tveir ökuþórar hafa unnið fimm heimsmeistaratitla í sögunni. Brautin í Austin hefur reynt Hamilton vel, hann hefur unnið keppnina fjórum sinnum á síðustu fimm árum.

FORMÚLA 1 Breski ökuþórin Lewis Hamilton getur skrifað nafn sitt í sögubækur Formúlunnar um helgina og unnið sinn fimmta heimsmeistaratitil ökuþóra á braut þar sem hann hefur átt góðu gengi að fagna undanfarin ár.

Kappaksturinn í Austin, Texas, er fjórði síðasti kappakstur ársins og er óhætt að segja að Hamilton sé með pálmann í höndunum í baráttunni við Sebastian Vettel um heimsmeistaratitilinn. Takist Hamilton að bæta átta stigum við forskot sitt á Vettel er titillinn hans þótt þrjár keppnir verði eftir.

Ef Hamilton tekst að vinna titilinn um helgina verður hann þriðji ökuþórin í sögu Formúlunnar sem vinnur fimm heimsmeistaratitla á eftir hinum argentínska Juan Manuel Fangio sem einokaði keppnina fyrstu árin og goðsögninni Michael Schumacher sem vann sjö titla á sigurselum ferli sínum.

Hamilton kom inn í Formúluna með látum í ársbyrjun 2007 og komst strax

Pað er erfitt að segja hver besti ökuþór allra tíma er en Lewis Hamilton er örugglega meðal fimm bestu.

Fernando Alonso, ökuþór McLaren

á verðlaunapall í fyrstu keppni fyrir hönd McLaren. Varð hann yngsti heimsmeistari ökuþóra í sögu keppinnar ári síðar. Tókst honum ekki að fylgja því eftir og eftir þrjú vonbrigðaaár hjá McLaren samdi hann við Mercedes sem reyndist heillaskref fyrir báða aðila. Eftir að hafa lent í fjórða sæti á fyrsta tímabili vann hann tvo titla í röð og þrjá á síðustu fjórum árum og er á hraðferð í átt að fjórða meistaratitlinum á fimm árum.

Hamilton þurfti að hætta keppni í Austurríki í

Hamilton eltist við fimmta heimsmeistaratitilinn

Lewis Hamilton vinnur sinn fimmta titil í Formúlu 1 ef honum tekst að fá átta stigum meira en Sebastian Vettel í kappakstrinum sem fram fer í Austin á morgun.

Breski ökuþórin sem er ríkjandi meistari hefur komið fyrstur í mark síðustu fjögur árin í kappakstrinum í Bandaríkjunum.

Lewis Hamilton

9 sigrar í ár

Sebastian Vettel

5 sigrar í ár



Flestir heimsmeistaratitlar				
7	5	4	4	4
Michael Schumacher	Juan Manuel Fangio	Alain Prost	Sebastian Vettel	Lewis Hamilton
1994, 1995, 2000-2004	1951, 1954, 1955-1957	1985, 1986, 1989-1993	2010, 2011, 2012, 2013	2008, 2014, 2015, 2017
Sigrar 91	24	51	52	71
Fjöldi keppna 306	51	199	215	225



Lewis Hamilton. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýjast

Domino's-deild karla



ÍR - Breiðablik 92-82

ÍR: Justin Martin 31, Gerald Robinson 25, Sigurður Þorsteinsson 18, Hákon Örn Hjálmarsson 9, Sigurkarl Jóhannesson 5, Daði Grétarsson 2, Sæþór Kristjánsson 2.
Breiðablik: Christian Covile 24, Hilmar Pétursson 11, Snorri Hrafnkelsson 10, Arnór Hermannsson 8, Árni Elmar Hrafnsson 8, Snorri Vignisson 7, Þorgeir Freyr Gíslason 6, Bjarni Gunnarsson 4, Ragnar Jósef Ragnarsson 2, Erlendur Ágúst Stefánsson 2.

Stjarnan - Skallagr. 82-72

Stjarnan: Hlynur Bæringsson 17, Egir Þór Steinarsson 17, Paul Jones III 15, Collin Pryor 12, Arnþór Freyr Guðmundsson 12, Antti Kanervo 5, Tómas Þórður Hilmarsson 2, Eysteinn Bjarni Evarsson 2.
Skallagrímur: Aundre Jackson 27, Eyjólfur Halldórsson 15, Björgvin Ríkharðsson 11, Bjarni Jónsson 9, Kristján Örn Ómarsson 6, Kristófer Gíslason 3, Arnar Bjarnason 1.

Efri	Neðri
Tindastóll	6 Skallagrímur
Stjarnan	6 Haukar
Njarðvík	6 Grindavík
Keflavík	4 Breiðablik
KR	4 Þór Þ.
ÍR	4 Valur



Aron skoraði tvö mörk í úrslita-leiknum í gær. NORDICPHOTOS/APP

Heimsmeistari með Barcelona

HANDBOLTI Aron Pálmarsson og félagar urðu í gær heimsmeistarar félagsliða eftir sigur á Fúchse Berlin, 29-24, í Doha í Katar. Aron skoraði tvö mörk í leiknum. Bjarki Már Elisson skoraði fimm mörk fyrir Berlinarrefina sem unnu keppnina 2015 og 2016.

Þetta er annað árið í röð og í fjórða sinn alls sem Barcelona verður heimsmeistarar félagsliða. Aron var ekki kominn til liðsins þegar það varð heimsmeistari í fyrra. Hann vann þessa keppni hins vegar sem leikmaður Kiel 2011. - íps

Berst um Eystrasaltsbeltið í dag

HNEFALEIKAR Hnefaleikakonan Valgerður Guðsteinsdóttir, eina atvinnuhnefaleikakona Íslands, mætir hinni norsku Ingrid Egner í hringnum í Ósló í dag. Verður bardagi þeirra aðalbardagi kvöldins á This is my House bardagakvöldinu í Ósló og fær sigurvegari kvöldins Eystrasaltsbeltið (e. Baltic Boxing Union Title) að launum.

Þetta er fyrsti bardagi Valgerðar síðan hún mætti Katarinu Thanderz í hringnum í mars í bardaga upp á heimsmeistaratitil þar sem Valgerður tapaði samkvæmt dómaraúrskurð. Fékk Valgerður aðeins rúma viku í undirbúning fyrir þann bardaga gegn hinni geysisterku Thanderz og upplifði sitt fyrsta tap.

Andstæðingur Valgerðar í þetta skiptið er tífaldur Noregsmeistari í sínum þyngdarflokki. Egner er með yfir 150 áhugamannabardaga á ferilskránni. Valgerður kveðst vel undirbúin fyrir bardagann í kvöld. „Ég gerði hlutina aðeins öðruvísi

fyrir þennan bardaga en vanalega. Annars vegar þá fór ég til Svíþjóðar í tíu daga og æfði þar með frábærum boxurum, þeirra á meðal Mikaelu Lauren sem er margfaldur heimsmeistari. Ég hef aldrei verið tilbúin er in akkúrat núna,“ segir Valgerður í fréttatilkynningu um bardagann. Þær Egner voru vigtaðar í gær.

„Ég hitti hana áðan. Hún lítur út fyrir að vera almennileg stelpa. Engir stælar eða slíkt. Hún er bara metnaðarfull íþróttakona eins og ég. Hún er í hörkuformi og er með glæsilegan áhugamannaferil að baki, en hvað atvinnubox varðar þá hef ég meiri reynslu,“ segir Valgerður sem er full eftirvæntingar.

„Box er mín ástíða og með því að fá að keppa á svona stórum viðburðum þá eru draumar mínir að ræstast. Ég er búin að leggja hart að mér til að komast hingað og ég hlakka til að sýna enn og aftur að ég á fullt erindi á meðal þeirra bestu.“ - kpt



Valgerður Guðsteinsdóttir eyddi tíma í undirbúningnum við æfingar í Svíþjóð með sænskum hnefaleikakönnum sem eru í fremstu röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stúlkurnar fengu brons

FIMLEIKAR Stúlkulið Íslands fékk brons á EM í hópímleikum í Portúgal. Ísland átti titil að verja í þessum flokki. Íslensku stúlkurnar fengu 52,550 í heildareinkunn. Svjar urðu Evrópumeistarar með 55,000 í einkunn. Danir urðu í 2. sæti með 53,075 í einkunn. Ísland fékk 20,000 í einkunn fyrir gólfæfingarnar, 16,650 fyrir stökk á dýnu og 15,900 fyrir stökk á trampólíni.

Blandað lið Íslands í unglingsflokki endaði í 4. sæti í úrslitunum. Íslendingar fengu 47,000 í heildareinkunn. Danir urðu hlutskarparstir.

Í dag fara úrslitni í fullorðinsflokki fram. Þá keppir kvennalið Íslands sem og blandaða liðið. Kvennaliðið varð Evrópumeistari 2010 og 2012 en fékk sílfur 2014 og 2016. Blandað lið Íslands lenti í 3. sæti á EM í Slóveníu fyrir tveimur árum. - íps



mazda



MAZDA CX-5 AWD **ER BÚINN ÞVÍ ALLRA BESTA FRÁ MAZDA**

Hönnuðir Mazda leggja hjarta sitt og sál í að hanna bíla sem uppfylla ströngustu kröfur þínar um þægindi, akstursupplifun, gæði og öryggi.

Nýr Mazda CX-5 hefur verið endurhannaður að utan sem innan.

Hann er þægilegur jafnt fyrir ökumann sem og farþega.

Mazda CX-5 ber af í sínum flokki og búinn öllu því besta frá Mazda.

KOMDU, REYNSLUAKTU & UPPLIFÐU
MAZDA CX-5 AWD

ELSKAÐU AÐ KEYRA MAZDA

VERÐ FRÁ 5.390.000 KR.



Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17

mazda.is

Öruggur staður til að vera á



KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Kaffibrúnt eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 x 200 x 78 cm

177.411 kr.
~~219.990 kr.~~



PASO DOBLE

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði í mörgum litum. Stærð: 375 x 156/258 x 80 cm

403.218 kr.
~~499.990 kr.~~



NORWICH

Nettur tungusófi. Ljósgrátt áklæði, svört grind og fætur. Stærð: 233 x 148 x 81 cm.

112.895 kr. ~~139.990 kr.~~



HOLIDAY

Tungusófi. Svart slitsterkt áklæði. Stærð: 279 x 238 x 89 cm

193.540 kr. ~~239.990 kr.~~



WINDSOR

2ja sæta sófi: 158 x 93 x 79 cm

3ja sæta sófi: 198 x 93 x 79 cm

169.347 kr. ~~209.990 kr.~~

209.669 kr. ~~259.990 kr.~~



ASTERIX

3ja sæta sófi. Ljós- og dökkgrátt áklæði. Stærð: 230 x 95 x 87 cm

241.927 kr.
~~299.990 kr.~~



L A Z BOY® *Live life Comfortably.*

EMPIRE

Stílhreinn La-Z-Boy sjónvarpssófar. Klæddir gráu, slitsterku áklæði og svörtu leðri. 3ja sæta: Stærð: 197 x 98 x 104 cm

Áklæði
201.605 kr. ~~249.990 kr.~~

Leður
322.573 kr. ~~399.990 kr.~~



ÖLL SÓFABORÐ & ALLIR ÞÚÐAR Á
TAXFREE
MIKIÐ OG FJÖLBREYTT ÚRVAL



Reykjavík
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 4. nóvember 2018, eða á meðan birgðir endast.

SÓFAR TAXFREE



Allir sófar á taxfree tilboði*



IDdesign

CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Svart bonded leður. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

201.605 kr.
~~249.990 kr.~~

CONNECT

Hornsófi með tungu úr einstaklega áferðarmjúku, dökk-eða ljósgráu áklæði. Stærð: 341 x 241 x 88 cm



298.379 kr.
~~369.990 kr.~~

BOYD

Priggja sæta sófi. Dökkgrátt sléttflauel áklæði og brúnt PU-leður. Stærð: 215 x 87 x 78 cm

Áklæði

96.766 kr.
~~119.990 kr.~~

PU-Leður

100.798 kr.
~~124.990 kr.~~



* Taxfree tilboðið gildir á sófum, sófaborðum og púðum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söliverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Ópera um alla Reykjavík

Í dag hefjast Óperudagar í Reykjavík sem standa yfir til 4. nóvember. Settir verða upp ýmsir viðburðir í leikhúsum, söfnum og tónlistarhúsum borgarinnar og einnig á óhefðbundnari stöðum svo sem í Árbæjarlaug og víðar.

Pær Ása Fanney Gestsdóttir og Guja Sandholt óperusöngvarar eru listrænir stjórnendur Óperudaga í Reykjavík og hafa veg og vanda af viðamikilli og fjölbreyttri dagskrá hátíðarinnar.

Ása Fanney bjó og starfaði við góðan orðstír sem mezzósópransöngkona í Þýskalandi í tólf ár áður en hún flutti heim til Íslands. Hún hefur starfað við söng og sjálfstætt undanfarin ár við ýms verkfæni í menningarlífinu. Guja Sandholt býr bæði í Reykjavík og Amsterdam og starfar eins og Ása bæði að skipulagningu menningarviðburða og sem söngkona. Um þessar mundir syngur hún til dæmis stundum hlutverk Juliu Child í Bon Appétit!

Ása Fanney og Guja hafa staðið í ströngum undirbúningi vegna hátíðarinnar í rúmt ár. Þetta er í annað skipti sem hátíðin er haldin en árið 2016 var hún haldin í Kópavogi.

Guja: „Við ætlum að breyta Reykjavík í óperu-, leik- og söngsvið í tvær vikur og það verða alls kyns mismunandi söngviðburðir í gangi fyrir fólk á öllum aldri.“

Við verðum úti um alla Reykjavík. Til dæmis í Safnahúsinu, Hörpu, Árbæjarlaug og Gerðubergi. Þá verða skipulagðar heimsóknir í skóla tengdar hátíðinni. Við létum semja óperu fyrir börn. Hún heitir Plastóperan og er eftir Gísla Jóhann Grétarsson. Arni Kristjánsson sem hefur mikið unnið með börnum og kennt þeim leiklist gerði skemmtilegt handrit sem fjallar um þetta málefni; umhverfisvernd og plast. Hann kemur skilaboðunum áfram án þess að vera að benda með fingrinum. Mjög skemmtilegt og eitthvað



Guja Sandholt og Ása Fanney Gestsdóttir söngkonur og stjórnendur Óperudaga. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



VID ÆTLUM

AÐ BREYTA

REYKJAVÍK Í

ÓPERU-,

LEIK- OG

SÖNGSVIÐ

Í TVÆR

VIKUR.

sem bæði börn og fullorðnir geta haft gaman af. Plastóperan verður sýnd í Safnahúsinu sunnudaginn 21. október og aðgangur verður ókeypis.“

Markmið þeirra með hátíðinni er að kynna betur óperu og klassískan söng fyrir Íslendingum.

Ása Fanney: „Við viljum stækka áhorfendahóp óperunnar og bjóða upp á viðburði sem eru ekki eins formfastir og stórir og fólk kannski þekkir eða heldur að ópera sé alltaf. Þetta eru margir stuttir viðburðir og aðgengilegir. En svo verða líka hefðbundin verk á borð við Þrymskviðu eftir Jón Ásgeirsson í Hörpu. Við nutum þess að fá veglega styrki úr norrænum sjóðum þannig að hingað eru að koma nokkuð margir norrænir þátttakendur.“

Bæði Ása Fanney og Guja syngja á hátíðinni. Ása Fanney syngur á móti Aroni Axel Cortes í Trouble in

Tahiti. Guja gengur til liðs við Barokkbandið Brák ásamt Hrafnhildi Arnadóttur Hafstað í Frikirkjunnari og syngur Händel.

Ása Fanney: „Markmiðið með hátíðinni er líka að búa til nýjan starfsvettvang fyrir söngvara og velja athygli á þeim mikla mannauði sem við búum yfir.“

Guja: Margir óperusöngvarar flytja út og festast svo þar. Það þarf meiri grósku í óperusenuna á Íslandi og við viljum stuðla að því. Íslendingum gefst á hátíðinni færi á að hlusta á ýmsa framúrskarandi íslenska söngvara og núna um helgina koma bæði Hildigunnur Einarisdóttir mezzósópran og Bjarni Thor Kristinsson bassasöngvari fram á einsöngstónleikum í Hannesarholti. Bjarni Thor tekur einmitt um þessar mundir þátt í uppsetningu á Niflungahringi Wagners í Þýskalandi.

Forvitnilegt á Óperudögum

Plastóperan

Glæný ópera fyrir börn og foreldra eftir Gísla Jóhann Grétarsson og Árna Kristjánsson. Hún fjallar um feðginin, Kristín og Eldeyju, sem eyða deginum saman heima hjá sér á starfsdegi í skólanum.


Trouble in Tahiti

Verður nú sett upp í fyrsta sinn á Íslandi en tónskáldið Leonard Bernstein hefði orðið 100 ára á árinu. Óperan er aðeins tæp klukkustund að lengd og verður flutt á ensku.



DUST

Í verkinu segja fimm heillandi brúður í fullri stærð, glóandi sópransöngkona og skuggaleg vera söguna af heimi sem hefur verið leikinn grátt.



Darkness, Everything Went All Black

fer fram í myrkri, ef til vill í annarri veröld. Óperan er skrifuð fyrir tvo söngvara og raftónlistarmann og fer fram á ensku. In the Darkness, Everything Went All Black er samvinna milli Operation Opera og Teatr Weimar.

Um helgina

Appið

Kahoot-appið er til þess fallið að gera allan lærdóm skemmtilegan. Í því er hægt að búa til spurningaleiki og þrautir og spila bæði einn eða í stórum hópi. Í appinu er einnig að finna fjölda þrauta og spurningaleikja. Margir nota appið til að gera heimalærdóm barna sinna spennandi.



Fjallgönguskór í vetur

Á tiskupöllumnum gengu fyrirsetur í fjallgönguskóm hjá nokkrum af stærstu tiskuhúsum heims. Það er fyrirtakshugmynd að festa kaup á slíkum skóm í vetur og þá er ekki verra að vera alltaf klár í að þrilla eitthvað í hádeginu meðan birtu nýtur. Þessir eru frá Ganni.



Lýsi og D!

Hér á landi þar sem sólar nýtur lítið við og þá sérstaklega á vetrarmánuðum er þörfin fyrir D-vítamín úr fæðu og fæðubótarefnum meiri en í suðlæggri löndum. Íslendingar þurfa að bæta sér upp sólarshortinn og það má gera með því að taka inn lýsi eða D-vítamíndropa. Þeir sem vilja breyta til geta prófað nýja síldarlýsið undir merkjum Fisherman sem er með vægu appelsínubragði.



Saga tveggja borga

Bókmenntaunnendur hljóta að reka upp gleðióp nú þegar Saga tveggja borga eftir Charles Dickens er komin út í íslensku þýðingu. Sannkallað meistaraverk.



Ávanabindandi kartöflur

„Frönsku kartöflurnar á Roadhouse svíkjá engan, svo góðar að þær nálgast það að vera ávanabindandi. Upplagt að njóta þeirra um helgina.“ Kolbrún Bergþórsdóttir



NÝJAR BÆKUR!




VILDARVERÐ:
5.499.-
Verð:
6.999.-


Sextíu kíló af sólskini



Miðnæturgengið
VILDARVERÐ: 3.599.-
Verð: 4.499.-




Forargata Reykjavík
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-




Mömmugull
VILDARVERÐ: 2.399.-
Verð: 2.999.-



Manneskjusaga
VILDARVERÐ: 4.799.-
Verð: 5.999.-



What's the Story?
VILDARVERÐ: 2.799.-
Verð: 3.499.-



Svikarinn
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð: 6.499.-



Hin hliðin
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 4.499.-



Rotturnar
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind


Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvalldagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustig 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vörurval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 22. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytingar.



Í Bandaríkjunum er lagaleg staða mismunandi eftir ríkjum. Kannabis er löglegt í níu ríkjum auk höfuðborgarinnar Washington.

Kannabis í afþreyingarskyni er ekki löglegt í **Ástralíu** en hefur verið afglæpavætt í tveimur fylkjum.

■ Löglegt ■ Neysla afglæpavædd ■ Ólöglegt en sjaldnast framfylgt ■ Ólöglegt // Löglegt í lækningarskyni

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Breytt staða kannabis

Kannabisefni hafa fylgt mannum í árþúsundir. Elstu heimildina um neyslu kannabis er að finna í verkum gríska sagnfræðingsins Heródotusar sem var uppi á fimmtu öld fyrir Krist. Þá hefur einnig verið deilt um hvort kannabisefni hafi leikið stórt hlutverk í menningu Gyöinga í fornöld. Minnst er á plöntuna „kaneh bosm“ í hebresku Biblíunni. Það er að segja í 2. Mósebók, 30:23. Sumir vilja meina að þar sé verið að tala um kannabis. Á íslensku hefur „kaneh bosm“ verið þýtt sem ilmreyr.

Á tuttugustu öldinni varð sú þróun víða í heiminum að lögþann var sett á kannabisefni. Bannið skilaði takmörkuðum árangri og um miðja öld ákváðu ýmis vestræn ríki að hefja svokallað „stríð gegn fíkniefnum“. Þetta stríð bar þó lítinn árangur og ekki tókst að útrýma neyslu. Á undanförmum árum hafa málin æxlast þannig að kannabisefni hafa víða verið afglæpavædd, jafnvel löglegt í lækninga- eða afþreyingarskyni.

Í afglæpavæðingu felst að gera persónulega vörslu og neyslu refsilausa. Í lögleiðingu felst aftur á móti afnám laga um bann við kannabisefnum. Með því að lögleiða kannabisefni setur tiltekið ríki því ný lög um meðferð kannabisefna og getur til að mynda skattlagt sölu.

Löglegt kannabis

Úrúgvæ varð fyrsta ríki heims til að lögleiða kannabis alfarið. Það var gert árið 2013 og hefur ríkið gert samninga við nokkra einkaöðla um ræktun. Stift eftirlit er með framleiðslu og sölu, en kaupendur þurfa að hafa náð átján ára aldri. Kanada fylgdi í fótspor Úrúgvæ á miðviku-daginn og varð annað ríki heims til

Lagaleg staða kannabisefna tekur breytingum í heiminum. Nokkur ríki hafa lögleitt kannabisefni í afþreyingarskyni, enn fleiri í lækningarskyni og þá hefur fjöldi ríkja afglæpavætt kannabis. Kanada lögleiddi kannabis í afþreyingarskyni á dögnum og kosið er um málið í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna. Staðan á Íslandi helst óbreytt.



þess að lögleiða kannabis. Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, lofaði lögleiðingu í kosningabaráttu, og hefur ítrekað sagt að með lögleiðingu fari agóðinn af sölu kannabisefna úr höndum glæpamanna og eftirlit geri það að verkum að erfiðara verði fyrir börn að kaupa sér kannabis.

Auk Úrúgvæ og Kanada er kannabis löglegt að hluta í nokkrum ríkjum. Líklega er lagaleg staða kannabisefna hvergi umtalaðari og flóknari en í Bandaríkjunum. Þar er kannabis í afþreyingarskyni löglegt í níu ríkjum af fimmtíu sem og í höfuðborginni Washington D.C. Þótt það sé ólöglegt í alríkislögum. Kannabis er svo löglegt í lækningarskyni í þrjátíu ríkjum Bandaríkjanna til viðbótar og kannabis í afþreyingarskyni hefur verið afglæpavætt í þrettán.

Staða kannabisefna í Georgíu og Suður-Afríku er sömuleiðis áhuga-verð. Neysla, varsla og ræktun fyrir eigin neyslu er lögleg í Suður-Afríku en ekki sala. Sama gildir að mestu um stöðuna í Georgíu. Þar er ræktun reyndar ekki lögleg heldur afglæpavædd.

Kannabis á kjörseðlinum

Þegar Bandaríkjamenn ganga til kosninga þann 6. nóvember næstkomandi munu þeir kjósa til fulltrúadeildar þingsins, flestir til ríkisstjóra og sumir til öldungadeildar þingsins. Einnig er kosið um fjölmargar aðrar, smærri stöður. En líkt og venjulega þegar kosningar fara fram þar í landi er fjöldi atkvæðagreiðslna um ýmis mál á kjörseðlinum samhlíða þeim fyrrnefndu. Nú í nóvember er kannabis á kjörseðlinum í nokkrum ríkjum.

Ibúar í bæði Michigan og hinu íhaldssama Norður-Dakóta munu kjósa um lögleiðingu kannabisefna í afþreyingarskyni. Í septemberlok birti Detroit Free Press könnun þar sem fram kom að 55 prósent íbúa Michigan væru fylgjandi lögleiðingu, 41 prósent andvigt og verður því að teljast líklegt að Michigan-búar styðji málið í nóvember. Staðan er önnur í

Norður-Dakóta. Í könnun frá því fyrir mánuðinum kom fram að 59 prósent væru andvigt, 30 prósent fylgjandi.

Í bæði Utah og Missouri verður svo kosið um lögleiðingu kannabisefna í lækningarskyni, en allnokkur ríki Bandaríkjanna leyfa slíkt nú þegar. Í könnun sem birt var í vikunni kom fram að mjótt væri á munum í Utah. Þar sagðist 51 prósent styðja lögleiðingu í lækningarskyni en 46 prósent lýstu sig andvigt.

Fáar kannanir hafa verið gerðar um málið í Missouri. Í könnun frá Missouri Scout sem gerð var í ágúst sögðust 54 prósent hlynt lögleiðingu í lækningarskyni á meðan 35 prósent sögðust andvigt.

Afleiðingar lögleiðingar

Fjöldi rannsóknna hefur verið gerður og margar umfanginir skrifaðar um afleiðingar lögleiðingar kannabisefna í Colorado í Bandaríkjunum, enda fyrsta ríki Bandaríkjanna til að lögleiða kannabis í afþreyingarskyni. Jafnvel þótt sex ár séu nú liðin frá því íbúar Colorado samþykktu lögleiðingu og fjögur ár séu frá endanlegri lögleiðingu er enn um hitamál að ræða í ríkinu.

Andstæðingar lögleiðingar, til að mynda Jeff Sessions, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, hafa bent á aukna neyslu í kjölfar lögleiðingar. Í bréfi sem Sessions sendi ríkisstjóra Colorado í fyrra kom fram að neysla ungmenna hefði aukist um 20 prósent árið 2014. Að sögn CBS dróst neysla reyndar aftur saman um 13,5 prósent árið 2016 samkvæmt sömu rannsókni.

USA Today birti umfjöllun í apríl þar sem fram kom að hvergi í Bandaríkjunum mældist neysla tölf til sautján ára ungmenna meiri og hvergi hefðu fleiri ungmenni profað kannabis. Þá greindi Denver Post frá því í fyrra að banaslysum þar sem ökumaður ók undir áhrifum kannabisefna hefði fjölgað um 145 prósent frá 2013 til 2016. Vert er þó að taka fram að THC, helsta virka efnið

Afstaða til lögleiðingar

57,7%

19,1%

14,5%

8,6%

- Mjög andvíg
- Frekar andvíg
- Frekar fylgjandi
- Mjög fylgjandi

Íslendingar vilja ekki lögleiðingu

Í könnun sem MMR gerði fyrir tveimur árum kom skýrt fram að tæp 80 prósent þjóðarinnar voru mjög eða frekar andvíg því að neysla kannabísefna yrði gerð lögleg. Hins vegar sögðust einungis rúm 20 prósent mjög eða frekar fylgjandi.

Andstaðan var næstum algjöf á meðal þeirra sem eru 68 ára eða eldri. 95,2 prósent þeirra sögðust andvíg. Hins vegar sögðust 58,7 prósent yngsta hópsins, 18 til 29 ára, andvíg en 41,3 prósent hlýnt.

Síðan þá hefur MMR ekki gert fleiri könnunir um málið. Ekki er hægt að fullyrða að staðan hafi breyst. Sé horft aftur til könnunar sem MMR gerði í nóvember 2011 má þó sjá að á þeim tíma sögðust 75,2 prósent mjög andvíg og 12,1 prósent frekar andvíg og hafði því andstaða við lögleiðingu dregist saman á meðan þeim sem fylgjandi eru fjölgaði.

Úr lögum um ávana- og fíkniefni

- Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna, sem talin eru upp í 6. gr. laga þessara, er óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. mgr.
- Innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna, er greinir í 1. og 2. mgr., er bannaður, með þeirri undantekningu, sem getur um í 3. mgr.
- Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla og varsla tækja, hluta eða efna til notkunar við ólöglega ræktun, framleiðslu eða tilbúningu ávana- og fíkniefna er bönnuð.

Samfélagsviðhorf geta breyst hratt

Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar, lagði fram frumvarp um lögleiðingu og regluvæðingu kannabísefna á Alþingi á síðasta ári. Að sögn Pawels fól frumvarpið í sér að framleiðsla, sala og neysla á kannabísefnum hefði orðið heimil fyrir þá sem væru orðnir 20 ára. Heimilt yrði „að reka sérverslanir með kannabis og kannabisveitingastaði, þar sem neysla áfengis væri óheimil. Allar vörur þyrfti að selja í einlitum umbúðum með einfaldrí innihaldslýsingu og heilsuviðvörum. Allar auglýsingar yrðu bannaðar. Innheimt yrði gjald, miðað við THC-grömm.“

Í samtali við Fréttablaðið segir Pawel að honum finnst rangt að setja fólk á sakaskrá fyrir minni háttar fíkniefnabrot. Því eigi að hætta. „Þegar áfengisbanninu var aflétt var farin leið lögleiðingar og reglusetningar. Það var ekki ákveðið að afglæpavæða áfengi, það er að leyfa neyslu en banna sölu og framleiðslu. Það eru til árangursríkar forvarnir, það er til dæmis hátt verð, aldursmörk, aðgengistakmarkanir. Ekkert af þessu stendur raunverulega til boða án þess að lög gildu um framleiðslu, sölu og neyslu.“

Aðspurður um hvort hið svokallaða „stríð gegn fíkniefnum“ sé í raun tapað, til að mynda í ljósi lögleiðingar í Kanada og Bandaríkjunum, segir Pawel að stríðið hafi hugmyndafræðilega gengið út á tvennt. Annars vegar að auka kostnað og áhættu framleiðenda með banni og þungum refsingum og hins vegar að reyna að forða fólk frá neyslu með því að hóta fangelsisrefsingum. Pawel segist halda að fullyrða megi að hvorugt hafi tekist mjög vel.

„En jafnvel þótt það myndi draga eitthvað úr heildarneyslu þá verðum við að spyrja okkur hvort allir þeir einstaklingar sem við refsum og fangelsum og drepum í þessu stríði, hvort það sé ekki allt of hárfararkostnaður þegar kemur að því að tækla eitthvað sem í grunninn er lýðheilsumál.“

En er yfirhöfuð hægt að vinna stríð gegn fíkniefnum?

„Það er spurning. Singapúr hefur ákveðið að refsa neytendum og seljendum mjög harkalega, með löngum fangelsisrefsingum og jafnvel dauðadómi. Þeir vilja meina að fáir neyti fíkniefna þar í landi samanborið við til dæmis Vesturlönd. En það er spurning, myndum við vilja fara þá leið, myndi okkur líða vel með þannig nálgun síðferðislega, að drepa fólk sem reynir að flytja inn fíkniefni, til dæmis?“

Pawel segist vera á þeirri skoðun að það sé kominn tími til þess að Ísland stigi sama skref og Úrúgvæ, Kanada og ýmis ríki Bandaríkjanna. Það sé hins vegar ekki háð því sem gerist í öðrum löndum. „En eftir því sem fleiri lönd bætast við þá er auðveldara að benda á fordæmi, skoða reynslu annarra og eiga yfirvegaða umræðu um þessi mál.“

Að mati Pawels þokast hins vegar lítið í þessa átt á Íslandi og engin bylting blasir við. „Lögreglan hefur afskipti af folki, refsar og setur á sakaskrá sem aldrei fyrr. Ríkisstjórnin hefur ekki kynnt nein mál sem gefa til kynna að hún hafi raunverulega í hyggju að skipta um kúrs. Þrjár af hverjum fjórum eru enn á móti lögleiðingu. En stundum geta samfélagsleg viðhorf breyst hratt hér á landi.“



ÞRÍR AF HVERJUM FJÓRUM

ERU ENN Á MÓTI LÖG-

LEIÐINGU. EN STUNDUM

GETA SAMFÉLAGSLEG VID-

HORF BREYST HRATT HÉR

Á LANDI.

Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar



Engin þörf á lögleiðingu kannabísefna

Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna og fyrsti varaformaður velferðarnefndar, segist ekki sjá nokkra þörf á því að Íslendingar lögleiði kannabis. „Ég held við séum hreinlega hvorki tilbúin né höfum þörf fyrir þetta og held við ættum að stiga afar varlega til jarðar,“ segir Ólafur og bætir því við að telji Íslendingar ský þurfa virk efni úr kannabis í læknisfræðilegum tilgangi sé hægt að framleiða það sérstaklega.

Hann segir að lögleiðing sé ekki rétta leiðin til að varna því að börn geti keypt kannabis af fíkniefna-söllum, líkt og forsætisráðherra Kanada hefur nefnt sem rökstuðning fyrir lögleiðingu. Lögleiðing geri vöruna sýnilegri og aðgengilegri fyrir fjöldann. „Ég held að það sé ekki leiðin. Á sama hátt og við gátum fengið börn til að vera ekki að reykja, gátum komið börnum til þess að neyta áfengis í miklu minna mæli en næstu kynslóðir á undan, held ég að fræðsla sé rétta leiðin. Þetta tókst allt með fræðslu. Þetta tókst ekki með að fara með áfengi í búðir eða leyfa sölu tóbaks í grunnskólum,“ segir Ólafur.

Að mati Ólafs er þörf á því sama nú, fræðsla og samstilltu átaki. „Það er því miður þannig að það er gríðarlega mikið af áróðri þarna úti um hvað kannabis sé hollt og gott. Nánast bara á köflum greinar og vefsíður um að þetta sé nánast jafngott og grænmeti,“ segir Ólafur en segir raunveruleikinn sem blasi við flestu heilbrigðisstarfsfólki og þeim einstaklingum sem leiðst háfa úti í ofneyslu þeirra efna vera allt annan.

„Það er að segja raunveruleikinn sem er sá að reglulegir kannabisnotendur komast miklu fyrr út í vandræði með neysluna og afleiðingar hennar en til dæmis reglulegir neytendur áfengra drykkja.“

Ólafur segir að afglæpavæðing neyslu sé fysislegur kostur í þessu

samhengi. „Ég held að orka okkar eigi annars vegar að fara í að eltast við sölumenn og framleiðendur og hins vegar að fræða neytendur um skaðsemi efnanna. Þar á þungi aðgerðanna að vera og í forvarnarskygri á að ræða við ungt fólk og kenna því að kannabis sé ekki grænmeti.“

Embætti landlæknis gaf út bækling fyrir á árinu þar sem bent var á að viðskipti með efni sem skilgreind hafa verið sem ávana- og fíkniefni séu óheimil samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um ávana- og fíkniefni. „Þrátt fyrir alþjóðasamninga um ólögmatí þessara efna hafa sum lönd og fylki í Bandaríkjunum breytt eigin lögum,“ segir í bæklingnum.

Þótt engin skráð tilvik séu í heiminum um dauðsfall af völdum ofneyslu kannabis er ljóst, miðað við efni bæklingins, að neysla er ekki skaðlaus. Til að mynda segir í bæklingnum að mest rannsakaða langtímaáhrættan við neyslu kannabísefna sé að efnið skerði þroska heilans, þá sérstaklega heila ungra neytenda. Með neyslu geti neytandinn þróað með sér kvíðaástand og ofsóknarbrjálæði.

„Ef einstaklingur reykir kannabis nokkrum sinnum í mánuði eða oftar mun minni hans, einbeiting og námsgeta óhjákvæmilega takmarkast. Afleiðing reglugæðunnar neyslu veldur enn fremur minnkandi getu til að tjá sig og skipuleggja fram í tímann. Þetta þýðir einfaldlega að nám og kannabisneysla er ekki farsæl blanda,“ segir þar aukinheldur.

Samkvæmt því sem kemur fram í bæklingnum getur neysla kannabísefna á meðgöngu sömuleiðis valdið fæðingargöllum, neysla veldur aukinni hættu á alvarlegum óndunarfærarjúkdómum og geðröskunum, svo sem geðklofa.



ÉG HELD VIÐ SÉUM HREIN-

LEGA HVORKI TILBÚIN NÉ

HÖFUM ÞÖRF FYRIR ÞETTA

OG HELD VIÐ ÆTTUM AÐ

STÍGA AFAR VARLEGA TIL

JARÐAR.

Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna



FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Myndir af fagnaðarlátum kanadískra kannabísefnaábrugamanna má finna á +Plús síðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.




+PLÚS



Þessi Kanadamaður fagnaði lögleiðingunni og veifaði kanadíska fánanum. Þó ekki hinum hefðbundna fána heldur hafði laufi kannabíspöntunnar verið komið fyrir á honum. MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP

Fagna lögleiðingu ákaft

Neysla, varsla, ræktun og sala kannabísefna í afþreyingarskyni var lögleidd í Kanada í vikunni. Grasreykjandi íbúar ríkisins hafa fagnað skrefinu innilega en Kanada er annað ríki heims til þess að taka þessa umdeildu ákvörðun. Það gerði Úrúgvæ fyrir um það bil fimm árum.



VERÐMÆTIR V Landsins mesta

GERÐU GÓÐ KAUP Á NÝJUM BÍL Í OKTÓBER

Á Verðmætum vetrardögum BL getur þú gert einstaklega góð kaup á völdum bílum. Tryggðu þér nýjan bíl með veglegum vetrarpakka með spennandi aukahlutum og fyrstu ábyrgðarskoðun þér að kostnaðarlausu. Sölumenn okkar eru bæði sveigjanlegir í samningum og koma þér þægilega á óvart með verðmætum vetrarglaðningi. Komdu í reynsluakstur – þar sem úrval nýrra bíla er mest.

BMW X1 20i sDrive
Verð frá: 5.650.000 kr.



NISSAN X-TRAIL
Verð frá: 5.190.000 kr.



FYRSTA ÁBYRGÐARSKOÐUN

Fyrsta ábyrgðarskoðun fylgir með í kaupunum. Hún viðheldur ekki bara ábyrgð, heldur tryggir hún virkni helstu öryggisþátta.



RENAULT CAPTUR
Verð frá: 2.890.000 kr.



KERAMIK LAKKHÚÐUN

Bíllinn verður klár fyrir veturinn með keramik lakkhúðun sem herðir ysta lag lakkans, ver það fyrir rispum og auðveldar þrif bílsins.



Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR

VETRARDAGAR

Úrval nýrra bíla!

VEGLEGUR VETRARPAKKI

- Fyrsta ábyrgðarskoðun
- Keramik lakkhúðun fyrir veturinn
- Gæða vetrardekk
- Vönduð gúmmímotta í skott

**VERÐMÆTI ALLT AÐ
300.000 KR.**

GÆÐA VETRARDEKK

Nýi bíllinn þinn verður vel búinn og fær í flestan snjó á gæða vetrardekkjum.



MINI COUNTRYMAN PHEV

Verð frá: 5.690.000 kr.



VÖNDUÐ GÚMMÍMOTTA

Við gefum bleytu og slabbi langt nef og setjum vandaða gúmmímottu í skottið á nýja bílnum þínum áður en þú ekur út.



NISSAN JUKE

Verð frá: 3.590.000 kr.



OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

SÖLUMENN BL TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Hér er unnið. Hlynur stendur milli leikarans góðkunnna Ingvars Sigurðssonar sem er í aðalhlutverki í myndinni Hvítur hvítur dagur og leikmyndahönnuðarinn Huldu Helgadóttur. MYND/ HLYNUR

Andstæðurnar spennandi – að elska og hata á sama tíma

Vetrarbræður, mynd Hlyns Pálmasonar, keppir um Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 30. október sem framlag Danmerkur. Hlynur segir hér frá nýjustu mynd sinni, Hvítur hvítur dagur, en tókum er nýlökkið.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Hlynur Pálmason kvikmyndagerðarmaður býr á Höfn og nýjasta mynd hans er aðallega tekin í hornfirsku umhverfi. Hún nefnist Hvítur, hvítur dagur en síðustu þrjá sólarhringana sem tókur fóru fram voru götuljós á Höfn slökkt, svo myrkríð yrði sem mest. Skytur það ekki skökku við?

„Jú, en því var vel tekið. Eg frétti að stemingin í bænum hefði verið svo kósi að barneignum mundi örugglega fjölga á Höfn – það kemur í ljós eftir níu mánuði!“ svarar Hlynur hlæjandi. „An grins þá var þetta var ekkert mál. Hornfirðingar eru svo samvinnuþýðir og hjálpsamir. Þeim bregður mörgum fyrir í myndinni, öll aukahlutverkinn eru mönnum heima-fólki í sínu daglega lífi. Eg sóttist eftir því. Jón bakari er að baka og Jóka, sem ég ólst upp með sem afgreiðslu-

konu í ípróttahúsinu, er á sínum stað í myndinni. Svo fengum við „old boys“ fótboltamennina líka til að leika senur með okkur bæði á velli og í búningsskelfanum. Ekkert vesen.“

Aðalhlutverk myndarinnar er leikið af Ingvari Sigurðssyni. Fannst ekki Hornfirðingum mikið til þess koma að hafa slíka stórstjörnu í bænum?

„Ingvar er nú svo látaus og eðlilegur og fellur alls staðar inn, en fólki hefur örugglega þótt gaman að spjalla við hann í sundi. Eg held almennt að fólki hafi þótt gaman að hafa svona stórt verkefni í gangi hér, því fylgir mikið líf. Þegar verið er að mynda er líka verið að búa til eitthvað sem myndar spennu.“

Þetta hefur ekki verið eins og þegar Angelina Jolie var að leika Lauru Croft í Tomb Raider þarna fyrir austan og óskapleg leynd hvíldi yfir því hvar hún heldi til meðan á tókum stóð?

„Nei, þetta verkefni er eins lítið tengt Hollywood og stjörnuástælu og hugsanlegt er. Það er allt svo eðlilegt hjá okkur og niðri á jörðinni.“

Hlynur kveðst hafa fengið leyfi frá sveitarfélaginu til að breyta gömlu jarðstöðinni í aðalstökuasta myndarinnar og hugmyndin er að koma þar upp vinnustofu. „Eg hef verið að skjóta opnunarsenuna þar í tvö ár og reyndi að fanga mismunandi árstíðir, skap í veðrinu og breytingar á húsinu. Húsið er gríðastaður söguhetjunnar og staðurinn er að mínu mati einstakur, birtan er sibreytileg, skriðjökklarnir blasa við og maður heyrir í briminu.“

Ingvar og Ída í aðalhlutverkum

Handritið er skrið af Hlyni, hann kveðst hafa unnið að því frá því hann lauk við kvikmyndaskólann í Danmörku. „Ég vann með Ingvari Sigurðssyni í lokaverkefninu mínu þar, Málaranum. Eftir það fór ég að þróa þetta verk, Hvítur hvítur dagur, og skrifa það fyrir Ingvar.“

Er sérstök saga bak við handritið? „Þegar ég byrja að vinna í einhverju verkefni er það vegna þess að margir hlutir vísa í sömu átt, en eru að vissu leyti faldir. Eg las einhvers staðar að þegar allt væri hvítt og enginn munur milli himins og jarðar gæti maður talað við þá dauðu. Það tengdist því sem ég var að vinna með því söguhetjan mín var skilin eftir lífandi – en missti manneskju sem honum þótt mjög vænt um. Þá verður til þessi djúpa sorg en líka reiði og hræðsla og allar þær sterku tilfinningar sem myndast hjá þeim sem missa. Barna var eitthvað falið sem ég reyndi að kafa dýpra ofan í. Ljóð eftir spænska skáldið Angelo Gonzales, sem heitir Reiðilestur til hinna dauðu, og Jón Kalman Þýddi, hafði líka áhrif á það sem ég var að gera. Ljóðið er einhvers konar hatursljóð en á sama tíma finnur maður fyrir djúpum söknuði og sorg. Mér finnst þessar andstæður spennandi; að elska og hata á sama tíma og upplifa það fallega og grimma á sama tíma.“

Bjartasta myndin til þessa

Af lýsingu þinni að dæma er myndin dálítið dimm.

„Hún er, held ég, bjartasta, fallegasta og fyndnasta mynd sem ég hef gert til þessa – mjög mennsk og það er mikill hómur í henni. Rauði þráðurinn í myndinni er fallegt samband milli aðalsöguhetjunnar og barnabarns, en það er líka dekkri hlið sem er svolitíð hættuleg.“

Hvað er barnabarnið gamalt? „Tíu ára dóttir mín, Ída Mekkin, leikur það og ég skrifaði handritið með Ingvar og hana í huga. Þau eru hjartað í myndinni.“

Hlynur bjó í Danmörku í mörg ár og flutti þaðan til Hafnar með fjölskylduna í desember síðastliðnum. Hann kveðst reyna að færa eftirvinnslu myndarinnar eins mikið og hann geti til Hornafjarðar og undir-



Hlynur tók upphafsatriðið í myndinni á tveimur árum og reyndi að fanga hin sibreytilegu tilbrigði veðurs, birtu og brims. MYND/ ANDERS NYDAM

búa og vinna næstu verkefni þar. Er hann farinn að sjá fyrir sér frum-sýningardag? „Ætli við verðum ekki tilbúin með myndina í september á næsta ári, með einni forsyningu hérna heima á Hornafriði?“ er svarið.

Til Óslóar með Hildi

